



Sumardagurinn fyrsti er á fimmtudaginn. Það var þó lítið sumarlegt um að litast á Norðurlandi eftir miðjan dag í gær. Þessi ferðamaður var sem betur fer vel klæddur. Spáð er frosti á norðanverðu landinu í dag en mildara loftslagi sunnanlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Kimye komin

LÍFIÐ Stjörnuþarið Kim Kardashian og Kanye West lentu á Keflavíkurflugvelli í gærmorgun.

Hjónin eru sögð komin hingað til lands til þess að taka upp tónlistarmyndband við lag af nýjustu plötu West, *The Life of Pablo*. Með í för er Kourtney ein af systur Kim og fjölskylduvinurinn Jonathan Cheban. Hjónin eru sögð dvelja á 101 hóteli og stoppuðu stutt við í gær.

Kardashian systur eru virkar á samfélagsforritinu snapchat og sjá mátti í gær að gestirnir höfðu farið á Fríðheima.

— gló / sjá síðu 30



Áhættan er mismikil milli ólíkra starfsstétta

Ný rannsókn leiðir í ljós að þeir sem vinna við flugvirkjun, skipasmíðar og húsamálun eru í tvö- til fjórfalt meiri hættu á að fá nýrnafrumkrabbamein.

HEILBRIGÐISMÁL Niðurstöður nýrrar rannsóknar sem unnin er af læknum á skurðsviði Landspítala og Hjartaverndar sýna að áhætta á nýrnafrumkrabbameini er tvö- til fjórfalt meiri hjá þeim sem vinna við flugvirkjun, skipasmíðar og húsamálun.

Nýrnafrumkrabbamein er langalgengasta nýrnakrabbameinið, eða í 85% greininga. „Vert er að taka fram að margt hefur breyst í starfs-

umhverfi þessara stétta. Ákveðin efni hafa verið bönnuð, til að mynda blý í málningu og leysiefni,“ segir Tómas Guðbjartsson, læknir og forsvarsmáður rannsóknarinnar.

Minna er vitað um orsakir nýrnakrabbameins en flestra annarra krabbameina. Tómas segir niðurstöðurnar kalla á frekari rannsóknir. „Við vitum ekki nákvæmlega hvað það er í starfsumhverfi þessara stétta sem veldur þessu því

þetta eru ekki það mörg tilfelli. Ein rannsókn svarar ákveðnum spurningum en kveikir líka margar nýjar. Því væri nærtækast að fara í samtarf við önnur lönd, slá saman þessum niðurstöðum við aðrar rannsóknir sem hafa verið gerðar og rannsaka frekar.“

Árlega greinast um fimmtíu manns hér á landi með sjúkdóminn. Helmingi fleiri karlar en konur og eru flestir þeirra yfir sextugu. — ebg

Fréttablaðið í dag



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um Eimskip og reiðhjólahlajma. **12-14**

SPORT Alfréd vissi að hann myndi skora hjá Augsburg. **16**

MENNING Kvikmyndasafnið fékk allar myndir Óskars. **22**

LÍFIÐ Klígia kveikti hugmyndina að sóthreinsiarmböndum. **30**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

SAMSUNG
Galaxy
S7 edge



1 GB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 12 mán. fylgir

Samsung Galaxy S7 Edge 32GB
139.990 kr. stgr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Veður



Vind lægir á vestanverðu landinu með björtu og fallegu veðri. Norðaustan- og austanlands verður áfram hvasst fram eftir degi og eljagangur. **SJÁ SÍÐU 20**

Áfrýja dómi um neyðarbraut

REYKJAVÍK Innanríkisráðuneytið hefur áfrýjað dómi Héraðsdóms Reykjavíkur um að ríkinu sé skylt að loka Norðaustur-suðvestur flugbrautinni, svokallaðri neyðarbraut, á Reykjavíkurflugvelli. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir mikla hagsmuni undir í málinu og vonast til að niðurstaða Hæstaréttar liggi fyrir sem fyrst.

„Þetta er auðvitað stórt mál en við vonumst til þess, af því það er flýti-meðferð á málinu, að málflytningur verði fyrir réttarhlé í sumar þannig að niðurstaða fáið sem fyrst,” segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Borgin telur nauðsynlegt að brautin fari þar sem aðflug við hana myndi skarast á við byggingu nokkur hundruð íbúða Valsmanna á Hlíðarenda.

– lvp

Búist við batnandi veðri

VEÐUR Mikilð vonskuveður var víða um land í gær. Veginum um Holtavörðuhéiði var lokað vegna ófærðar og sat fjöldi fólks fastur í Staðarskála vegna þess. Þá var öllu innanlandsflugi hjá Flugfélagi Íslands aflýst í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands mun draga hægt og rólega úr veðrinu á morgun, bæði á norður- og austurlandi.

Í kvöld verður hæglaetsveður á landinu og úrkomulítið en á þriðjudag er búist við suðlægri átt með rigningu sunnan- og vestanlands. Að öllum líkindum verður þurrt norðaustan til og 8-13 metrar á sekúndu.

Á fimmtudag, sumardaginn fyrsta, verður vestlæg átt og úrkomulítið, einhverja stöku skúrir og mögulega eitthvert el norðan- og vestanlands en að öðru leyti ágætt veður á landinu.

„Vonum að þetta sé síðasta skotið, en það er aldrei að vita því það gæti snjóað í maí,” segir Birta Líf Kristinsdóttir, vaktaveðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. – þv

Bátur við bát



Hvalaskoðun er vinsæl afþreying meðal erlendra ferðamanna sem hingað koma. Ef til vill hefur hvassviðrið í gær þó gert það að verkum að færri vildu taka sér far með slíkum bátum en ella væri. Í það minnsta lá einn af bátunum við hlið hvalveiðibáta Kristjáns Loftssonar þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið um höfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Olíuríkin náðu ekki að semja

KATAR Ekkert samkomulag tókst á fundi olíuríkja sem fram fór í Katar í gær. Ætlunin var að ná samningi um framleiðsluþak, til að hindra frekari lækkun olíuverðs.

Íran sendi engan fulltrúa á fundinn, en alþjóðlegum refsiaðgerðum var létt af Íran á síðasta ári.

Íranir hafa allan hug á að nýta sér þetta tækifæri og halda fast við þá áætlun að auka framleiðsluna upp í fjórar milljónir tunna á dag.

Olíuverð hafði í lok síðasta árs hrunið um 70 prósent frá árinu 2014, eða úr rúmlega hundrað dollurum tunnan niður í rúmlega 30 dollara. Það hefur þó hækkað um 60 prósent frá áramótum og stendur tunnan nú í 45 dollurum.

Sádi-Arabía er stærsti olíuútflytjandinn í heiminum. Fulltrúar þeirra á fundinum gátu ekki sætt sig við fjarveru Írana og því varð ekkert úr frekari fundarhöldum. – gb

Ungir drengir leggja meiri áherslu á útlitið

Rannsókn á vegum Rannsóknarseturs forvarna sýnir tengsl milli íþróttastundunar, keppnisskaps og áherslu á útlit. Yngri drengir leggja meiri áherslu á útlit en jafnöldur þeirra. Sá munur hverfur þegar börnin eru komin í tíunda bekk.

SAMFÉLAG Drengir í 6. og 8. bekk leggja meiri áherslu á útlit en kvenkyns jafnaldrar þeirra, en munurinn hverfur þegar komið er í 10. bekk. Drengir leggja þá minni áherslu á útlit. Drengir á unglingsaldri hafa einnig meira keppnisskap en stúlur á sama aldri. Sterkt marktækt samband er því á milli keppnisskaps og áherslu á útlit, segir Guðmundur Torfi Heimisson, lektor við Háskólann á Akureyri.

Þetta kemur fram í rannsókn á vegum Rannsóknarseturs forvarna við Háskólann á Akureyri, sem Guðmundur Torfi vann að. Markmið rannsóknarinnar var að kanna samband keppnisskaps grunnskólanema og áherslu á að líta vel út. Einnig var skoðað hvort ástundun líkamsræktar hefði áhrif á sambandið.

Guðmundur Torfi segir rannsóknina hafa leitt í ljós að 44% nemenda í 10. bekk finnst bæði mjög mikilvægt að líta vel út og að vinna í keppni. Einnig komi fram að 77% þeirra sem ekki finnst mikilvægt að líta vel út finnst sömuleiðis ekki mikilvægt að vinna keppni. Guðmundur Torfi segir einnig sterk tengsl vera á milli keppnisskaps, áherslu á að líta vel út og íþróttastundunar. Hann segir þá sem hreyfa sig oftast vera mun líklegri til að leggja meiri áherslu á útlit og að vinna keppni. Eftir því sem keppnisskap aukist, aukist ástundun íþróttar, og öfugt.

Rannsóknin var gerð á landsvísi árið 2015 og tók til nemenda í 6., 8., og 10. bekk. Þátttakendur í 10. bekk voru 3618 en þátttakendur í 6. og 8. bekk voru samtals 7401. Rannsóknin er hluti af stærra alþjóðlegu verk-



Tengsl eru milli íþróttaiðkunar, keppnisskaps og áherslu á útlit. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

» Rannsóknin er hluti af stærra alþjóðlegu verkefni um heilsu og líðan skólanema sem Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) stendur fyrir.

efni um heilsu og líðan skólanema sem Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) stendur fyrir. Rannsóknarsetur forvarna við Háskólann á Akureyri annast framkvæmdir hér á landi.

Guðmundur Torfi segir að niðurstöðurnar gætu nýst mörgum, til dæmis foreldrum, kennurum og íþróttálfurum en að of snemmt sé að draga af viðtækar ályktanir og að fleiri rannsóknir þurfi að gera. – sbv

44%

nemenda í 10. bekk finnst bæði mjög mikilvægt að líta vel út og að vinna í keppni.

77%

þeirra sem ekki finnst mikilvægt að líta vel út finnst sömuleiðis ekki mikilvægt að vinna keppni.

EKKI LÁTA MELTINGUNA EYÐILEGGJA DAGINN



Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

OPEL BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU!



1975 | Bílabúð Benna | 2015



Margfaldur sigurvegari.



Opel hefur varla haft undan að taka við verðlaunum og viðurkenningum, frá bílasérfræðinum jafnt sem neytendum, fyrir Opel Astra. Fyrir utan titilinn Bíll ársins 2016, sem er eftirsóttasta viðurkenning sem bílaframleiðendum hlotnast, má nefna Gullna stýrið, Bíll ársins í Danmörku, Bíll ársins í Skotlandi, ásamt sérstakri umhverfisviðurkenningu þar í landi, svo fátt eitt sé nefnt.

Ný Opel Astra.
Meira en þú átt að venjast.



**Bílabúð
Benna**
Bein leið í 40 ár

Verið velkomin í reynsluakstur.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16

OPEL Á ÍSLANDI
Kynntu þér Opel fjölskylduna á benni.is | opel.is

Hægt að senda inn umsagnir um lög um fóstureyðingar

HEILBRIGÐISMÁL Á vef velferðarráðuneytisins er að finna tilkynningu frá nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barn-eignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Óskað er eftir umsögnum og til-lögum að breytingum á gildandi löggjöf frá þeim sem láta sig efni laganna varða og telja þörf fyrir breytingar.

Yfirleitt er óskað samráðs hjá ákveðnum hagsmunaaðilum eftir að breytingartillaga hefur verið gerð. Hér er því um nýmæli að ræða.

Við tókum aftur á móti ákvörðun um að láta ekki trúfélög vita en þeim er frjálst að senda inn umsögn eins og öllum öðrum.

Þórunn Steinsdóttir, starfsmaður velferðarráðuneytisins

„Við viljum hafa öll sjónarmið í huga þegar við hefjum vinnuna. Þetta eru viðkvæm mál sem margir hafa sterkar skoðanir á í sitthvora áttina. Við viljum bara fá sem flest sjónarmið,“ segir Þórunn Steins-



Enn er víða deilt um lögleiðingu fóstureyðinga. Hér mætast stríðar fylkingar fyrir framan hæstarétt í Bandaríkjunum.

dóttir, starfsmaður ráðuneytisins í nefndinni.

Nefndin var skipuð í byrjun mars og er verkefni hennar m.a. að endur-

skoða lög um fóstureyðingar sem eru frá 1975. Lögin hafa verið gagnrýnd fyrir að leyfa ekki frjálsar fóstureyðingar þar sem konur þurfa að ganga í gegnum sérstakt umsóknarferli þar sem tveir utanaðkomandi aðilar leggja mat á aðstæður og ástæður kvennanna. Í vikunni var til að mynda fundur um lögin þar sem Friða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, var með erindi.

„Mat Kvenréttindafélagsins er að konum sé í raun ekki treyst til að taka ákvarðanir um eigin líkama og líf og því styður félagið ákvörðun

heilbrigðisráðherra um að endurskoða lögin,“ segir Friða Rós.

Þórunn segir að einnig verði endurskoðaðar greinar um ófrjósemisaðgerðir og kynfræðslu. „Við létum ákveðna aðila vita af umsagnarvinnunni; t.a.m. heilbrigðisstéttir, félagsráðgjafa og siðfræðistofnun. Við tókum aftur á móti ákvörðun um að láta ekki trúfélög sérstaklega vita en þeim er frjálst að senda inn umsögn eins og öllum öðrum.“

Nefndin skilar skýrslu til ráðherra 1. nóvember. Þar verða tillögur að breytingum og úr því innið frumvarp til breytinga. – ebg

Seldi eiginkonunni hús eftir dóm

Fyrrum framkvæmdastjóri Icecapital seldi eiginkonu sinni helmingshlut í 370 fermetra einbýlishúsi fimm dögum eftir að hafa verið dæmdur til að endurgreiða þrotabúi Icecapital 120 milljónir. Skuldin ekki greidd og telst framkvæmdastjórinn eignalaus hér á landi.

VIÐSKIPTI Fimm dögum eftir að Páll Þór Magnússon, fyrrum framkvæmdastjóri Icecapital, var dæmdur til að greiða þrotabúi Icecapital ríflega 120 milljónir króna seldi hann eiginkonu sinni, Gabrielu Kristjánsdóttur helmingshlut í 370 fermetra einbýlishúsi í Garðabæ. Fasteignamat hússins er 87 milljónir króna.


Þrotabúinu hefur ekki tekist að innheimta skuldina. Alls nema lýstar kröfur í þrotabúi Icecapital, sem lýst var gjaldþrota árið 2012, 51 milljarðir króna.

Þann 2. október 2014 var þrotabúinu dæmdar 520 milljónir í Héraðsdómi Reykjaness vegna riftunar á ýmsum gerningum stjórnenda Icecapital haustið 2008 og í byrjun ársins 2009. Félagið var í eigu fjölskyldu Óla í Olís heitins, Gunnþórunnar Jónsdóttur, ekkju Óla og barna hennar, Jóns Kristjánssonar og Gabrielu Kristjánsdóttur, eiginkonu Páls.

Í afsali einbýlishússins, dagsett þann 7. október 2014, sem sent var inn til sýslumanns, kemur fram að Páll hafi selt helmingshlut í húsnæðinu til eiginkonu sinnar sem eignaðist það þar með að fullu. Ekki kemur fram hvað var greitt fyrir hlutinn.

Páll og mágur hans Jón Kristjánsson, skulda þrotabúi Icecapital tæplega 350 milljónir króna, með dráttarvöxtum að sögn Ómars Arnar Bjarnþórssonar, skiptastjóra búans. Riftanir sem snúa beint að Páli og Jóni voru vegna arðgreiðslna úr Icecapital í október 2008 og kaupa Icecapital á stofnbrefum í Byr frá 4. nóvember 2008. Samkvæmt dómnum voru stofnbrefin í Byr verðlaus þegar viðskiptin voru gerð. Enn er ódæmt í Hæstarétti vegna Byrs-viðskiptanna er snúa að Jóni.

„Staðan er sú að þeir virðast ekki vera með lögheimili hér á landi eða skráðar eignir hér,“ segir Ómar.



Páll seldi eiginkonu sinni hlut í einbýlishúsi þeirra eftir að dómur féll, þar sem greiðslum til Páls frá Icecapital var rift. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ekkert greitt fyrir arðbært þyrlufyrirtæki

Eitt riftunarmálanna sem dæmt var í október 2014 snéri að sölu á 2/3 hlutar í þyrlufyrirtækinu Norðurflug úr Icecapital í desember 2008, skömmu eftir bankahrunið, til félagsins NF Holding. Stundin greindi frá því að kaupin hafi verið fjármögnuð með láni frá Icecapital sem endurgreiða átti árið 2018, áratug síðar. NF Holding greiddi aldrei fyrir Norður-

flug. Árið 2011 var Norðurflug selt áfram til félagsins Pluma ehf., sem var undir stjórn Páls Þórs Magnússonar en ekki liggur fyrir hvað greitt var fyrir félagið.

Norðurflug er nú í eigu erlendra félaga sem tengjast eigendum Icecapital. Fyrirtækið hagnaðist um 160 milljónir króna á árunum 2013 og 2014. Þá seldu hluthafar í Norðurflug

þriðjungshlut í því til Air Greenland síðasta sumar á 200 milljónir króna.

Ómar, skiptastjóri Icecapital, lét framkvæma árangurslaust fjárnám í NF Holding, sem nú heitir Moxom, þann 25. nóvember 2015, þar sem félagið var eignalaust. Í kjölfarið var félagið lýst gjaldþrota og þarf skiptastjóri Moxom því að sækja féð sem Icecapital hefur verið dæmt.

Jón er með lögheimili á Möltu á meðan eiginkona hans er með lögheimili hér á landi. Þá eru bæði Páll og eiginkona hans Gabriela með lögheimili í Bandaríkjunum. Auk þess hefur fjöldi félaga í þeirra eigu verið færður í erlent eignarhald á síðustu árum.

„Það þýðir þá að þrotabúið þarf að leita út fyrir landsteinana til að sækja á þá eða einhverjar eignir sem þeir eru með þar í félögum eða öðrum,“ segir Ómar. ingvar@frettabladid.is



Beltone Legend™ Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni · Sími 568 7777 · heyrnartaki.is



Innovation
that excites

TÖFFARINN Í FJÖLSKYLDUNNI



NISSAN JUKE

ACENTA DÍSIL / EYÐSLA 4,0 L/100 KM*

3.490.000 KR.

STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN JUKE ACENTA ER MEÐAL ANNARS:

Íslenskur leiðsögubúnaður, bakkmyndavél, 6 öryggisloftþúðar, ABS með EBD, ESP skriðvörn, ISOFIX barnabílstólafestingar, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp með geislaspilara, AUX og USB tengi fyrir MP3 spilara, 17" álfelgur, 60/40 skipting á aftursætum, samlitir speglar og hurðarhúnar, krómaðir hurðaopnarar, hæðarstilling á bílstjórásæti, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, sjálfvirk loftkæling, hraðastillir (Cruise Control), akstursthólva, rafdrifnir útispeglar, rafdrifnar rúður, þokuljós, varadekk, fjarstýrðar samlæsingar, hraðanæmt vökvastýri.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Sigurður Ingi hefur verið forsætisráðherra í nokkra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Verðtrygging ekki afnumin

STJÓRN MÁL Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra segir að verðtryggingin verði ekki afnumin á þessu þingi.

Tæpar tvær vikur eru liðnar frá því að ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar tók til starfa. Stjórnarandstaðan vill að þingmálisti verði lagður fram svo ljóst sé hvaða mál hún ætli að klára á þessu þingi. Sigurður Ingi segir listann enn ekki liggja fyrir. Stefnan sé tekin á að reyna að klára fjölmörg mál á þeim átján þingfundardögum sem eftir eru á þessu þingi. Hann segir húsnæðismálin vera í forgangi, mál sem tengjast afnámi hafta, auk annarra mála.

Sigurður Ingi ræddi málin á Bylgjunni í gær. Þar kom fram að hann er ekki tilbúinn að verða við kröfum stjórnarandstöðunnar um að dagsetja kosningar í haust. „Það er auðvitað eins og við höfum áður sagt í samspili við það hvernig þessi mál ganga fram og ég vænti þess að við getum átt áframhaldandi gott samstarf um það meðal annars við stjórnarandstöðuna.“ – lvp

Í undirdjúpum Norður-Kóreu



Á þessari neðanjarðarlestarstöð í Pjonjang, höfuðborg hinna einangruðu Norður-Kóreu, þarf fólk að fara ansi djúpt ofan í jörðina til að komast á milli borgarhluta. Lestarteinarnir eru á 110 metra dýpi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800
Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn **mánudaginn 18. apríl 2016. kl. 18:00**, í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3. Önnur mál.

Léttur kvöldverður.

Stjórn Vlf. Hlífar.

Samvinnu MA og VMA slegið á frest

Fé vantar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til þess að samvinna MA og VMA geti orðið. VMA fær ekki framlög nema borga uppsafnaðan halla.

MENNTAMÁL Samvinna menntaskóla á Norðurlandi verður ekki að veruleika eins og ráð var fyrir gert á næsta skólaári. Ástæða þess er að breyting á skóladagatali Menntaskólans á Akureyri náðist ekki í gegn í menntamálaráðuneytinu. Jón Már Héðinsson, skólameistari MA, segir leitt að fjármagn hafi ekki fengist í verkefnið.

„Það var ekki búið að útvega það fjármagn sem þarf til að breyta skóladagatalinu. Í góðri trú fór ég áfram með þetta mál innan skólans því ráðuneytið og ráðherra sögðu mér að þeir myndu tryggja það fjármagn sem þyrfti til að breyta þessu. Það að færa skóladagatalið kostar fjármagn. Þegar ég fékk síðan að vita að ekki fengist nægilegt fjármagn ákváðum við að slá þessu á frest um eitt ár,“ segir Jón Már. „Það er leitt að þetta skuli fara svona en þetta er ekkert slegið út af borðinu. Við frestum þessu bara um eitt ár.“

Skólaárið byrjar mun seinna í Menntaskólanum á Akureyri en í öðrum skólum og lýkur skólaárinu ekki fyrr en við útskrift stúdenta þann 17. júní ár hvert. Til að geta náð fram samvinnu allra menntaskóla á Norðurlandi þyrfti að breyta skóladagatali MA. „Það þarf að kalla kennara inn úr fríi snemma, svo það þarf að taka mið af kjarasamningum og reglum um orlof,“ segir Jón Már.



Menntaskólinn á Akureyri. Skólaárið þar byrjar mun seinna en í öðrum skólum og lýkur því ekki fyrr en við útskrift 17. júní.

Þegar ég fékk síðan að vita að ekki fengist nægilegt fjármagn ákváðum við að slá þessu á frest um eitt ár.

Jón Már Héðinsson
skólameistari MA

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra ræð Svanfríði Jónsdóttur til að stýra vinnu um mögu-

lega sameiningu eða samvinnu menntaskóla á landinu. Aukin samvinna milli skóla var samþykkt af ráðuneytinu til að spara fjármagn.

Sigríður Huld Jónsdóttir, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri, segir fjárhagsstöðu síns skóla grafalvarlega. „Í byrjun febrúar var okkur kunngjört að við fengjum ekki rekstrarframlag fyrr en skuld við ríkissjóð yrði greidd að fullu. Við höfum fengið þau svör að við verðum að borga ríkissjóði til baka uppsafnaðan halla skólans áður en við getum greitt þá reikninga sem hér safnast upp vegna daglegs reksturs skólans,“ segir Sigríður Huld. sveinn@frettabladid.is



Verð frá 4.450.000 kr.

Par sem ferðalagið byrjar



Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is



Útilegu
maðurinn®
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

VORDAGAR CITROËN

Ráðgjafar okkar eru í sérstöku samningsstuði í dag
– nýttu tækifærið



C1
Verð frá 1.849.000 kr.



C3
Verð frá 2.290.000 kr.



C4 Cactus
Verð frá 2.690.000 kr.



C4
Verð frá 2.990.000 kr.



C4 Picasso
Verð frá 3.740.000 kr.



Grand C4 Picasso
Verð frá 4.090.000 kr.



#VertuCactus! *Taktu þátt í leiknum*

Kaktusar eru harðgerðir, lífa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama má segja um Citroën C4 Cactus.

Taktu mynd af þér með Citroën C4 Cactus og þú gætir unnið gjafabréf frá Icelandair að verðmæti 200.000 kr.

Settu #VertuCactus við myndina þína og birtu á Facebook, Instagram eða Twitter og þú ert með í leiknum. Heppinn þátttakandi verður dreginn út 6. maí.

ÚRVAL GLÆSILEGRA CITROËN BÍLA

Komdu og skoðaðu úrval glæsilegra Citroën bíla. Ýmis vortilboð í gangi – nú er tækifærið. Citroën bílar eru þekktir fyrir hagnýta hönnun, sparneyni og lágan rekstrarkostnað. Þar að auki eru þeir sérstaklega glæsilegir og nýstárlegir.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Jarðskjálfti kostaði hundruð manna lífið

Skjálftinn í Ekvador mældist 7,8 stig og er sá versti þar í landi síðan árið 1979. Skjálftinn olli miklu eignatjóni og vel á annað þúsund manns urðu fyrir meiðslum. Rafael Correa forseti lýsti yfir neyðarástandi í landinu og flýtti sér heim úr heimsókn sinni til Róm.

EKVADOR Harður jarðskjálfti kostaði að minnsta kosti 235 lífið í Ekvador um helgina, að því er vitað var síðdegis. Meira en 1.500 manns urðu fyrir meiðslum og eignatjónið varð mikið.

Björgunarmenn í þúsundatali héldu á verstu hamfarasvæðin til að leita þar í rústum að fólki, sem vera kynni á lífi. Þar á meðal eru fjögur þúsund lögglumenn sem fluttir voru þangað með þylrum og fólksflutningabílum.

Erfitt var að komast að sumum þeim svæðum sem verst urðu úti vegna aurskríða sem fallið höfðu og hindruðu för björgunarfólksins. Margir helstu þjóðvegir landsins voru lokaðir.

Meðal annars hrundi veggur á fangelsi, þannig að fjöldi fanga slapp út og voru margir ófundnir síðdegis í gær.

Rafael Correa forseti lýsti yfir neyðarástandi í landinu og flýtti sér heim frá Róm, þar sem hann var í opinberri heimsókn.

Jarðskjálftinn reiddi yfir rétt fyrir klukkan níu á laugardagskvöldi að staðartíma, en þá var klukkan rétt fyrir tólf á miðnætti hér á landi.

Upptökin voru á 19 kílómetra dýpi á strjálbýlu svæði við Kyrrahafsströndina, í 27 km fjarlægð frá bænum Muisne í Esmeraldas-héraði. Bæirnir Manta og Pedernales, báðir í næsta nágrenni, urðu verst úti.

Skjálftinn mældist 7,8 stig og er sá versti í sögu Ekvadors í nærri 40 ár, eða frá því skjálfti af stærðinni 8,2 stig reiddi þar yfir.

Talið er að meira en fimmtán milljón manns hafi fundið fyrir skjálftanum, eða nánast allir íbúar landsins. Hátt í tvær milljónir manna búa á svæðum þar sem hann fannst mjög vel.

Tugir húsa hrundu að mestu til grunna, þar á meðal nokkrar íbúðablokkir.

Nokkuð algengt er að skjálftar af



Miklar skemmdir urðu í skjálftanum í Ekvador. Þessi mynd er frá bænum Pedemales þar sem bifreið varð undir þegar bygging hrundi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fólks enn saknað eftir skjálftann á Kyushu-eyju í Japan

Enn er fólks saknað á jarðskjálfta-svæðinu á Kyushu-eyju í Japan, þar sem meira en 30 manns hafa látist og hundruð orðið fyrir meiðslum eftir að stór skjálfti reiddi þar yfir á föstudag.

Björgunarfólk vann í gær í kapphlaupi við tímann, því veður fór kólnandi með roki og rigningu og spáð var aftakaveðri. Skjálftinn á föstudag mældist 7 stig og nokkrir stórir eftirskjálftar hafa

orðið, þar á meðal einn í gær sem mældist 5,7 stig. Skjálftinn olli miklu eignatjóni og skriður hafa lokað leiðinni til marga afskekktu fjallaporpa.

stærðinni sjö stig eða þar yfir verði á þessum slóðum. Frá árinu 1970 hafa sjö slíkir skjálftar orðið á svæði sem er innan við 250 kílómetra frá upptökum skjálftans nú um helgina.

Þessir skjálftar urðu allir á flekasamskeytum við vesturströnd Suður-Ameríku. gudsteinn@frettabladid.is

Tengibox og kaplar



Tengibox 1x32A-
2x16-4x230 v
29.900

Tengibox 1x32A-
1 x 16-4x230v
21.990

3 fasa rafmagnssnúur 25m
32amp 5G4
19.900
einnig 25m 32Amp 5G6 24.990
& 63Amp 25m 5G10 29.990



Rafmagnskefli Pro 25m
H07RN-F 3G1,5mm
8.590



Fjöltengibox IP44
H07RN F3G1,5
1,5 m snúra
1.990



Kapalkefli 50mtr H05vv-F 3G1,5mm
8.990
25mtr H05vv-F 3G1,5mm 6.190
25mtr H05vv F3G1,5mm 4.190



Rafmagnssnúra
25m H05vv F3G1,5
5.490
Einnig 15m kr. 3.190
10 mtr kr. 2.590
25mtr IP44 H07RN
F3G1,5 kr. 7.790



Kapalkefli 10m
H05vv-F3G1,5mm
2.990



MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Æfðu viðbrögð við stórslysi

ÖRYGGISMÁL Landhelgisgæslan og Samtök útgerða skemmtiferðaskipa í norðurhöfum stóðu á dögnum fyrir svokallaðri skrifborðsæfingu og ráðstefnu um leitar- og björgunaraðgerðir á norðurslóðum. Fulltrúar leitar- og björgunaraðila og útgerða skemmtiferðaskipa voru frá flestum Norðurlandanna, Bandaríkjunum og Kanada.

Tilgangur æfingarinnar var að skiptast á upplýsingum og reynslu, en sjóslys á norðurslóðum reynir mjög á getu björgunaraðila og getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir lífríki og umhverfi á hafsvæðinu og er erfitt viðureignar vegna fjarlægðar og langs viðbragðstíma.

Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytis, flutti ávarp í fjarveru Ólafar Nordal, innanríkisáðherra. Hún sagði mikilvægt að þessir aðilar þekktu sem gerst starfsemi og aðstæður í norðurhöfum og Landhelgisgæsluna og sagði jafnframt systurstofnanir hennar í nágrennaríkjum gegna þýðingarmiklu hlutverki. Sagði hún íslensk stjórnvöld hafa tekið þátt í viðræðum um að koma á björgunarmiðstöð á norðurslóðum sem hefði einkum það hlutverk að bregðast við vá á þeim slóðum. Því væri lyklatríði að setja upp viðbragðsáætlun og koma saman til að afa slíka áætlun.

Audunn Kristinsson, aðstoðarfrankvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, og Frigg Jørgensen, frankvæmdastjóri Samtaka skemmtiferðaskipa á norður-



Ár frá ári fjölga skipakomum til landsins og yfir 100 skip komu til hafnar í Reykjavík í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

» Tilgangur æfingarinnar var að skiptast á upplýsingum og reynslu en sjóslys á norðurslóðum reynir mjög á getu björgunaraðila og getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir lífríki og umhverfi á hafsvæðinu.

slóðum, fluttu einnig ávarp við upphaf æfingarinnar. Fram kom að æfing og samhæfing sem þessi hefur ekki verið haldin áður og í sumar er ráðgert að Landhelgisgæslan æfi aðgerðir með áhöfnnum nokkurra útgerða sem senda munu skip sín á norðurslóðir.

Æfð voru viðbrögð við atburði þegar upp kemur eldur í vélarúmi skips með tæplega 400 manns innanbords þegar það er stöð við Jan Mayen á leið frá Íslandi til Svalbarða. – shá

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.390.000 kr.



OCTAVIA ER MEST SELDI BÍLL
#1
Á ÍSLANDI 2015

Pú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.



H HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

Bilun í Bombardier vél

SAMGÖNGUR Bilun kom upp í Bombardier-flugvél í eigu Flugfélags Íslands á laugardagsmorgun Afleiðingin varð sú að um þriggja tíma tóf varð á flugferð félagsins til Egilsstaða.

„Það var viðvörðun í vökvakerfi sem kom upp,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, í samtali við Vísir. Hann segir að vélinni hafi verið flogið aftur í gær.

Vélin sem um ræðir er TF-FXA, önnur Bombardier-flugvélin af þremur sem flugfélagið mun taka

í notkun á árinu. Hún er nýkomin til landsins en nokkrum sinnum hefur verið greint frá bilunum sem upp hafa komið í þeirri fyrstu sem tekin var í notkun, TF-FX1.

„Nú er þetta vél númer tvö sem við erum að fá, þannig að það má segja að það séu að koma upp svona byrjunarörðugleikar með hana,“ segir Árni.

„Þetta er samt ekkert óeðlilegt, en öryggið er alltaf í fyrirrúmi hjá okkur og menn hafa frekar vaðið fyrir neðan sig ef eitthvað kemur upp á.“ – jhh

Reginn

FASTEIGNAFÉLAG

Skrifstofuhúsnæði Dvergshöfði 2



Til leigu eru mjög vönduð rými í glæsilegri skrifstofubyggingu við Dvergshöfða 2

Um er að ræða um 340 m² á annarri hæð, um 340 m² á sjöundu hæð og um 480 m² á áttundu (efstu hæð) hússins. Frábær staðsetning, einstakt útsýni og eigninni fylgja næg bílastæði. Rýmin eru laus til afhendingar.

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða leiga@reginn.is

sími: 512 8900

reginn.is

reginn@reginn.is



Merki baráttunnar er herðatré, en þau hafa verið notuð til að framkvæma fóstureyðingar í löndum þar sem þær eru bannaðar og gripið er til örprifaráða. NORDICPHOTOS/AFP

Líf fósturs er metið rétthærra lífi móður

Umdeilt frumvarp í Póllandi kveður á um allsherjarbann við fóstureyðingum. Frumvarpið mikil afturför í réttindabaráttu kvenna. Stjórnmalfræðingur segir að reglurnar muni koma harkalegar niður á efnaminni konum.

PÓLLAND Mikil reiði ríkir vegna lagafrumvarps sem nú er til umræðu á pólska þinginu. Frumvarpið kveður á um allsherjarbann við fóstureyðingum, án undantekninga. Þúsundir manna hafa mótmælt frumvarpinu, meðal annars á Íslandi. Lögin kveða einnig á um að þær konur sem undirgangast ólöglegar fóstureyðingar geti átt yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsi.

Samkvæmt nógildandi lögum eru fóstureyðingar í Póllandi háðar mjög ströngum skilyrðum og eru þær bannaðar nema í fáum undantekningartilvikum. Nú eru þær aðeins heimilar ef meðgangun ógnar lífi konunnar, ef um alvarlegan fósturskaða er að ræða eða ef konan hefur orðið barnshafandi eftir nauðgun eða sífjaspell.

„Þetta er í raun og veru bara eitt skref í viðbót í mjög löngu ferli sem

hefur verið að takmarka réttindi kvenna til að ráða yfir sínum eigin líkama,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúntkt í stjórnmalfræði. Hún segir frumvarpið vera afturför sem byrjað hafi í lok kalda stríðsins þegar kirkjan fór að styrkjast og taka yfir mikið af heilbrigðisþjónustu í Póllandi.

„Ástandið hefur verið slæmt fram að þessu, það hefur verið mjög erfitt fyrir konur að fá fóstureyðingu. Læknar hafa ekki verið tilbúnir til að framkvæma fóstureyðingar, oft vegna þess að spítalarnir eru tengdir kirkjunni,“ segir Silja Bára.

Frá því núverandi ríkisstjórn landsins tók til starfa hefur hún verið mjög umdeild og þjóðernisflokkurinn PiS er að sögn Silju Báu mjög einstrengislegur og afturhaldssamur í sínum stjórnmalum. „Þessi tillaga kemur í raun bara frá kirkjunni. Flokkurinn virðist vera til í að taka þetta upp,“

Þær fátækari munu verða þvingaðar til að eignast börn.

Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúntkt í stjórnmalfræði.

segir Silja Bára, en Beata Szydlo, forsætisráðherra Póllands, hefur sagst styðja hugmyndir frumvarpsins.

„Eins og svo margt í þessum kyn- og frjósemisréttindum eru þetta reglur sem munu koma mun harkalegar niður á þeim sem hafa minna á milli handanna. Efnadrí konur geta farið til nágrannalanda og keypt þessa þjónustu en þær fátækari munu verða þvingaðar til að eignast börn, hvernig sem þau komu undir, og til að ljúka meðgöngu sem getur sett líf þeirra í hættu,“ segir Silja Bára. thordis@frettabladid.is

TILBOÐ

VERKFÆRASETT 80 STK

1/4" og 1/2" toppar
Stærðir 4 - 32mm
Fastir lykklar 8 - 19mm
Skrúfjárn tangir, hamar og fl.

vnr IBTGCAI8002

22.900 m/vsk

Fullt verð 34.937



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" 8 - 32mm
Skrall
Frömlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2801

8.900 m/vsk

Fullt verð 11.725



TILBOÐ

SKRALLYKLASETT PRO 12 STK

Stærðir 8 - 19mm
72 tanna
Sterkur taupoki

vnr IBTGPAQ1202

16.900 m/vsk

Fullt verð 19.205



MÆLUM MED

HERSLUMÆLIR

Passar á 1/2" skrall
Hersla: 40 - 200Nm
Nm, Ft-Lb, Kg-m, Kg-cm
Minni: 10 ein.

vnr IBDTA-200N

7.106 m/vsk

Frábært verð



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

16.900 m/vsk

Fullt verð 21.647



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

24.900 m/vsk

Fullt verð 36.391



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Lyklar, skrúfjárn, tangir
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

21.900 m/vsk

Fullt verð 35.217



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 151 STK

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI151R

27.900 m/vsk

Fullt verð 39.688



SÁ VINSÆLI

283 verkfæri

177.750 m/vsk

Okkar besta verð

BÚKKAR FYLGJA MED ÞESSUM SKÁP



FRÉTTABLAÐIÐ **SKOÐUN**

Lifi listin, annað hvert ár!

Magnús
Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Stjórnálmenn eru ákaflega mikið fyrir menningu og listir. Sérstaklega á tyllidögum og þá einkum ef margir eru hlusta. Þannig hefur það lengi verið og verður eflaust enn um langa tíð enda ekki að undra. Fólk vill menningu og listir. Það vill njóta þess að lesa, skoða, hlusta, sjá og upplifa allt það sem listin færir okkur. Það leynir sér ekki á áhuga Íslendinga og öllum bókakaupnum, leikhús- og tónleikaferðunum, heimsóknartíðni listasafna og þannig mætti lengi telja þar sem fólk leitast við að finna eitthvað við sitt hæfi. Eitthvað sem gleður, hreyfir og ögrar.

Eitt af þessu sem er okkur svona mikilvægt í þessu tilliti er Listahátíðin í Reykjavík. Mikilvægi Listahátíðarinnar felst ekki síst í því að hún hefur í gegnum árin fært okkur list og menningu víða að úr veröldinni og stundum hefur það verið á meðal þess besta sem heimurinn hefur að bjóða. Þetta er ómetanlegt fyrir litla eyþjóð sem vill vera þjóð á meðal þjóða, í senn sjálfstæð og í samræðu við heiminn.

Í liðinni viku kynnti Hanna Styrmsdóttir stjórnandi Listahátíðarinnar í Reykjavík tón- og sviðslistadagskrá hátíðarinnar í vor. Það kemur í raun á óvart hversu viðamikill dagskráin er í ljósi þess hversu verulega hefur dregið úr fjárframlögum borgar og ríkis á undanföllum árum. En staðreyndin er að allt frá árinu 2005, þegar hér átti að heita bullandi góðæri samkvæmt stjórnálmönnum, hefur verið þrengt að hátíðinni og reyndar menningu og listum almennt í landinu. Sú staðreynd að niðurskurðurinn nær vel fram fyrir efnahagshrunið gefur til kynna að mögulega búi eitthvað annað að baki. Það er áhyggjuefni svo ekki sé meira sagt.

Til þess að viðhalda listrænum gæðum og metnaði við Listahátíðina í Reykjavík verður nú brugðið á það ráð að hátíðin verði tvíæringur, þ.e.a.s. haldin annað hvert ár, héðan í frá. Það er vel skiljanlegt að gripíð sé til þessa ráðs en að sama skapi er slíkt undanhald dálítið dapurleg niðurstaða. Ráðamenn hafa að vísu lofað því að ekki komi til frekari niðurskurðar í úthlutunum til hátíðarinnar en satt best að segja þá er vart á vísan að róa með stjórnálmenn og loforð.

Gæðum Listahátíðarinnar er í dag haldið á floti með þrotlausri vinnu þeirra fáu einstaklinga sem starfa við undirbúning hennar og skipulag. Yfir hátíðinni er Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar og þar sem menningu og ferðamennsku er splæst saman þá ætti að gefa auga leið að viðkomandi aðilar séu að fullu meðvitaðir um þann virðisauka sem hátíðin skapar. Það er þó ekki að sjá, því miður. Þess væri þó óskandi að á þeim bænum væru málefni hátíðarinnar sem og menningar almennt tekin til gagnarrar endurskoðunar með það að markmiði að efla menningu og listir í borginni okkur öllum til góðs.



Ráðamenn hafa að vísu lofað því að ekki komi til frekari niðurskurðar í úthlutunum til hátíðarinnar.



Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum




Finndu okkur á facebook

Flísabúðin

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Halldór



Frá degi til dags

Framboð eða markaðsbragð
Enn fylgjar þeim sem bjóða sig fram til forseta Íslands. Sá nýjasti er Magnús Ingi Magnússon, kenndur við skyndibita-staðinn Texas-borgara.

Með yfirlýsingu sinni um forsetaframboð, sem send var fjölmiðlum í gær, er itarleg ferilskrá og sjónarmið hans á helstu samfélagsmál. Þar eru áberandi störf hans fyrir fyrrennfandan veitingastaða.

Skili framboðið Magnúsi ekki forsetastólnum, þá kann það samt að verða hin besta markaðsherferð fyrir veitingastaðinn. Hvort sem það var nú ætlunin eða ekki.

Hættir á toppnum

Einar Kristinn Guðfinnsson, forseti Alþingis, tilkynnti um helgina að hann myndi ekki sækjast eftir þingsæti í næstu kosningum, sem ráðgert er að fram fari í haust. Aðspurður sagði hann líka að hann myndi ekki gefa kost á sér í kjöri til forseta Íslands.

Einar átti ágætán feril sem sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra. En hann hefur notið enn meiri virðingar sem forseti þingsins, bæði meðal félaga sinna í stjórnarflokkunum og meðal stjórnarandstöðuþingmanna. Má jafnvel má ganga svo langt að segja að hann hætti störfum á toppi þingferils síns. Sú ákvörðun mætti vera mörgum öðrum til eftirbreytni. - jonhakon@frettabladid.is

Umbrot, óánægja og svo?

Nina Guðrún
BaldursdóttirAuður Inga
Rúnarsdóttir
í Ungmennaráði
Félags Samein-
uðu Þjóðanna

Undanfarið höfum við orðið vitni að því að almenningur hefur haft fyrir því að koma skoðunum sínum óvenju skýrt og ákveðið á framfæri. Þó að vissulega sé mönnum misheitt í hamsi virðist undirliggjandi krafa um auknið réttlæti og trúverðuleika augljós.

Í fyrra voru samþykkt einróma ný Heimsmarkmið sem eiga að leiðbeina öllum ríkjum heims í átt að sjálfbærri þróun á tímabilinu 2015 til 2030. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 16 snýr einmitt að friði, réttlæti og sterkum stofnunum. Jafnt aðgengi að gagnsæjum og sanngjörnum stofnunum og stjórnarháttum er alitið algjört grundvallaratriði þess að skapa stöðug og friðsæl samfélag sem saman vinna farsælega að sjálfbærni. Í þessu markmiði er meðal annars stefnt að því að fyrir árið 2030 hafi verulega dregið úr spillingu og ólöglegu flæði fjármagns sem og að tryggja það að stofnanir á öllum stigum séu ábyrgar, skilvirkar og hafi gagnsæi ávallt að leiðarljósi.

Ef einhverja ályktun mætti draga af atburðarás undanfarna daga er það að Íslendinga þyrstir í samfélag sem uppfyllir þessar kröfur. Eftir birtingu Panama-skjalanna hefur íslenskur almenningur staðið fyrir stöðugum aðgerðum, sem einskorðast ekki við stærstu mótmæli Íslandssögunnar, með það að markmiði að knýja fram bæði stjórnarfarslegar og síðferðislegar breytingar. Viljinn til breytinga liggur í augum uppi. Í öllu þessu umróti býst okkur tækifæri til þess að byggja upp stofnanir og stjórnsýslu með Heimsmarkmið nr. 16 til hliðsjónar og vinna þar með markvisst að því að uppfylla þær kröfur sem við höfum þegar skuldbundið okkur til þess að framfylgja.

Það er von okkar að rödd almennings sé tekin alvarlega en ekki drekkt í fyrirfram ákveðnum sleggju-dómum sem virðast því miður innbyggðir í viðbrögð við hvers konar gagnrýni. Við trúum því að Íslendingar vilji málefnalegar umræður um það stjórnarfar sem hér ríkir og að slík umræða sé frekar til þess fallin að auka stöðugleika heldur en að ýta undir óvissu og upplausn.

Drifkrafturinn er til staðar, áskorunin er að sameinast um þá stefnu sem við viljum að samfélag okkar fylgi. Þar er tilvalið að hafa Heimsmarkmiðin að leiðarljósi.



Það er von okkar að rödd almennings sé tekin alvarlega en ekki drekkt í fyrirfram ákveðnum sleggju-dómum.

Óskabörn Eimskipafélagsins

Í DAG



Guðmundur
Andri
Thorsson
ríthöfundur



Upplýsingafulltrúinn hjá Eimskip er að sínu leyti fulltrúi gamalla hugmynda, þeirra sem ríktu fyrir hrun, með heimsfrægum afleiðingum.

Einu sinni var Eimskipafélag Íslands óskabarn þjóðarinnar og gegndi ómetanlegu hlutverki í samgöngum og sjálfsmynd lítillar þjóðar sem nú átti sinn eigin fána að sigla undir. Enn er fyrirtækið starfrækt og fæst við skipaflutninga undir skrautlegum fánum, og er með nýja kennitölu, enda fór gamla félagið – óskabarnið – á hausinn árið 2009 eftir mikil viðskiptatilþrif. Og upp reis uppvakningur afskriftanna, eins og svo algengir hafa verið í því afturgönguhagkerfi sem hér hefur ríkt frá hrúni, með ásjónu og yfirbragð gamalla og gróinna fyrirtækja, fjármagnaðir af almannasjóðum og í áskrift að útgjöldum almennings, en gróðann hirða aflendingarnir.

Þeir sem vilja vild ...

Við höfum í seinni tíð einna helst orðið vör við félagið vegna árlegrar umkvörtunar þeirra sem starfa við að útbreiða hróður þess yfir því að fá ekki að dreifa hjólahjálum með merki félagsins meðal barna í skólum borgarinnar. Í gær mátti einmitt lesa hina árvisnu harmatölu upplýsingafulltrúa félagsins á dvís innan um stórtíðindi dagsins á borð við þau að Brynjar Nielsson væri andvígur vinstri mönnum.

(Að sögn stórhöfundarinnar og agndofa blaðamanns mun Brynjar hvorki meira né minna en hafa „hraunað yfir vinstri menn“ einhvers staðar; og hlýtur það að hafa verið ófögur sjón. Þessi iðja – að hrauna yfir annað fólk – getur hins vegar verið hættuspil, því að sá sem fer um sem hraunelfur hlýtur á endanum þau örlög að storkna; dagar uppi; verður að nátttrólli.)

Upplýsingafulltrúinn hjá Eimskip er að sínu leyti fulltrúi gamalla hugmynda, þeirra sem ríktu fyrir hrun, með heimsfrægum afleiðingum, þegar allar ákvarðanir voru teknar inni í stórfyrirtækjum út frá sjónarmiðum auðmanna og með hagsmunum þeirra að leiðarljósi. Hann er sem sagt alltaf að reyna að knýja fram breytingar á stefnu Reykjavíkurborgar varðandi aðgengi fyrirtækja með auglýsingar sínar að skólabörnum borgarinnar. Honum finnst óþolandi og óskiljanlegt að fyrirtækið ráði því bara ekki sjálft hvernig það nálgast börnin. Það sé „forræðishyggja“ sem var dónalegasta orð tungunnar fyrir hrun. Hann telur það frekar í verkahring stjórnenda Eimskipafélagsins að móta slíka stefnu en til dæmis kjörinna fulltrúa almennings sem fara með stjórn borgarinnar.

Hann vill leyfa fyrirtækjum að koma varningi merktum sér inn á börnin – annað sé „forræðishyggja“. Samkvæmt þessari hugsjón gætu leikskólabörn til dæmis verið með buff merkt bjórframleiðendum – „léttöl“ vink vink – eða vill borgin standa í vegi fyrir því að börnin fái buff til hlífðar hárinu gegn lús og öðrum ófögnuði? Samfestingar í Bónuslitum og með bleika grísum? Kuldagallar merktir Rio Tinto Alcan? Húfur með merki Hvals hf? Leikföngin í boði Brotafis og Kraftbindinga? Möguleikarnir eru takmarkalausir, þegar loks létti „forræðishyggjunn“ og hleypt inn á blessuð börnin, öllum þeim fyrirtækjum sem væru í leit að jákvæðu viðhorfi í sinn garð – vildu vild og væru til í að borga vel fyrir þá vild.

Kannski er þetta leiðin til að rétta af halla borgarsjóðs?

Mætti jafnvel hugsa sér að hinir mörgu og athyglisþurfi forsetaframbjóðendur fengu að kaupa andlit sitt aftan á bakið á úlpum barnanna? Og við sæjum börnin kjaðandi í halarófu á eftir föstrunum með andliti á Ástþóri eða Sturlu aftan á bakinu ...

Gangandi auglýsing?

Í frétt DV segir upplýsingafulltrúi Eimskipafélagsins:


„Það er vægast sagt hallærislegt þegar Sigrún Björnsdóttir, upplýsingafulltrúi skóla- og frístundasviðs hjá Reykjavíkurborg, heldur því fram að börn með hjálma sem gefnir eru af Kiwanis og Eimskip séu gangandi auglýsing“.

Þetta má reyndar til sanns vegar færa hjá upplýsingafulltrúanum, því að öllu nær væri að tala um að börnin séu hjólandi auglýsing en gangandi. Með umfjöllun fulltrúans fylgir mynd af barni með téðan hjálm, og er af einhverjum ástæðum látinn snúa þannig að merkið sést ekki, svo að fólk gæti jafnvel haldið að Eimskipafélagið sé af einskærri umhyggju sinni fyrir börnum þessa lands að dreifa ómerktum hlífðarhjálum til barna. Svo er ekki. Og á meðan merki Eimskipafélagsins er á hjálmi hjólandi barns – þá er barnið hjólandi auglýsing fyrir félagið. Meira að segja afbragðs góð auglýsing. Betri auglýsingu má eiginlega varla hugsa sér.

Með þessum hjálum er Eimskipafélagið komið með merkið sitt, ásjónu sína og nærveru inn á hvert heimili landsins, og hangir á snaga frammi á gangi eins og hver annar þáttakandi í lífi fjölskyldunnar, komið í hjarta tilveru ótal landsmanna, inn í daglegt umhverfi nánustu fjölskyldunnar, og tengist þar tilfinningum, djúpum tilfinningum, sjálfri umhyggjunnar sem við berum fyrir börnum okkar, og þörf okkar fyrir að finna að þau njóti fyllsta öryggis.

Slíkt aðgengi að fjölskyldunni er draumur allra auglýsingamanna. Og skýrir hvers vegna skóla-krakkar í Reykjavík eru óskabörn Eimskipafélagsins, sem einu sinni var óskabarn þjóðarinnar.

Hreinsum glugga og klæðningar á öllum stærðum húsa



Vanir menn - Vönduð vinnubrögð.



HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTAN EHF

Sími 555 6855
www.husfelag.is
husfelag@husfelag.is

Eru allir eins í þínu fyrirtæki?



Morgunverðarfundur um fjölbreytni og rekstur fyrirtækja, þriðjudaginn 19. apríl kl. 9:00–11:00 á Grand Hótel Reykjavík

Rannsóknir sýna að fjölbreytileiki hefur góð áhrif á rekstur fyrirtækja, eykur starfsánægju og getur veitt samkeppnisforskot.

8:30 Skráning og morgunverður
9:00 Fundur settur

Hvers vegna fjölbreytni?

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR

Fjölbreytileiki á vinnumarkaði

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Háskóla Íslands

Fjölmening til framfara

Bára Mjöll Ágústsdóttir, forstöðumaður mannauðsdeildar Samskipa

Er fjölbreytni forréttindi?

Hlíf Böðvarsdóttir, fræðslustjóri Securitas

Hvað hefur íslenskur vinnumarkaður kennt okkur?

Reynslusögur starfsmanna IKEA

Hvað geta forstjórar gert?

Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís

Fundarstjóri er Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar.

Skráning á vr.is eða í síma 510 1700.

SUMARLEIKFÖNGIN

ERU KOMIN Í HAGKAUP



16" Frozen hjól
29.900

16" Avengers hjól
29.900

Hjálmur
3.949

Regngalli
verð frá
6.999



Fötuset
1.179



Brennibolti
699



Krítar
299



Sápukúlu byssa
979



Boomerang
789



Próttur - 12. sæti

SPÁ Í PRÓTTAÐEILDAR 365
12. Próttur, 11. ?, 10. ?, 9. ?, 8. ?, 7. ?, 6. ?, 5. ?, 4. ?, 3. ?, 2. ?, 1. ?

GENGI PRÓTTAR SÍÐUSTU SEX SUMUR

7. sæti	7. sæti	3. sæti	10. sæti	3. sæti	2. sæti
2010	2011	2012	2013	2014	2015
B-deild	B-deild	B-deild	B-deild	B-deild	B-deild

STÆRSTA NAFNID SEM KOM **STÆRSTA NAFNID SEM FÖR**

Emil Atlason Ungur en reyndur framherji úr KR sem á að skora mörkin.	Viktor Jónsson Raðaði inn mörkum í 1. deildinni í fyrra en för heim.
--	--

Þjálfari Gregg Ryder
Englendingurinn er aðeins 28 ára en hefur náð frábærum árangri með liðið undanfarin þrjú ár síðan hann tók við.

Í BESTA/VERSTA FALLI

12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1
----	----	----	---	---	---	---	---	---	---	---	---

Miðað við undirbúningstimabilið og liðsstyrkinn í vetur þá getur Próttur ekki vonast eftir meiru en að halda sætinu.

Nánar á Vísi ➔

Karl Brynjar Björnsson er 31 árs gamall miðvörður Próttar sem spilar sitt fyrsta tímabil á fjórtán ára ferli í efstu deild í sumar. Hann hefur verið kletturinn í varnarleik Próttara undanfarin ár en Próttur hafnaði í öðru sæti 1. deildarinnar á síðustu leiktíð eftir að hafa unnið fyrstu níu leiki tímabilsins. **FRÉTTABLADID/ERNIR**

Þetta var það sem ég þurfti

Alfred Finnbogason er búinn að finna markaskóna á ný en hann skoraði fjórða markið í síðustu fimm leikjum fyrir Augsburg um helgina. Landsliðsframherjinn ætlar sér byrjunarliðsstöðu á EM.

FÓTBOLTI. „Þessir síðustu tveir sigrar hafa verið gulls ígildi,“ segir Alfred Finnbogason, framherji Augsburg og íslenska landsliðsins, í viðtali við Fréttablaðið, en hann tryggði sínum mönnum gríðarlega mikilvægan sigur á Stuttgart, 1-0, í þýsku 1. deildinni um helgina. Alfred skoraði einnig í síðasta leik í 2-1 sigri á Werder Bremen en auk sigranna hafa þessi mörk verið gulls ígildi fyrir Augsburg.

Alfred og félagar eru í harðri fallbaráttu og þrátt fyrir sigrana í síðustu tveimur leikjum er liðið aðeins tveimur stigum frá umspilssæti og sex stigum frá falli þegar fjórar umferðir eru eftir.

„Það var mjög sterkt að vinna Bremen þó við værum ekki að spila vel enda þeir beinn samkeppnisaðili í fallbaráttunni. Það sem var mest svekkjandi við sigurinn um helgina var að öll hin liðin í kringum okkur unnu líka. Ég hélt við fengjum smá andrými og værum orðnir öryggir en í staðinn er það bara baráttan áfram. Við þurfum svona fjögur stig til að vera öruggir,“ segir Alfred.

ur mörk í síðustu fimm leikjum og fimm mörk í tíu leikjum í heildina.

„Það er gaman að geta spilað aftur með bros á vör í liði sem hefur trú á manni og með þjálfara sem hefur trú á manni. Ég er búinn að byrja níu leiki í röð og það er nákvæmlega það sem mig vantaði í minn feril á þessum tímamarki,“ segir Alfred sem hefur alltaf haft bullandi trú á sjálfum sér.

„Ég veit og hef sýnt að þegar ég fæ að spila þá mun ég skora mörk. Ég hef mikla trú á sjálfum mér og veit að ég get skorað sama hversu góðri deild ég er í svo fremi sem ég er í liði sem hentar minum leikstíl og ég fæ mín tækifæri. Ef þetta gengur allt upp þá mun ég skora og vera mikilvægur,“ segir Alfred.

Með bros á vör
Fótboltaferið hefur verið erfitt hjá Alfred síðan hann yfirgaf Heerenveen sem markakóngur hollensku úrvalsdeildarinnar. Hann náði sér aldrei á skrið hjá Real Sociedad og fyrir utan sögulegt mark fyrir Olympiacos í London fyrr á tímabilinu var lánstíminn í Aþenu honum ekki góður. Nú er hann aftur á móti kominn í gang og hefur skorað fjög-

Vissi að þetta myndi henta
Alfred hefur ekki bara fengið lof fyrir að skora í þýskalandi heldur líka fyrir dugnað sinn. „Ég hef alltaf lagt mikið á mig og reynt að vinna varnarvinnuna.

Það að ég hafi ekki verið duglegur hefur aldrei verið neitt vandamál. Stundum í Hollandi var ég bedinn um að hlaupa aðeins minna til að vera ferskari í færnum,“ segir Alfred, en nú þarf hann að hlaupa og djöflast í Þýskalandi.

„Þýska deildin er mjög krefjandi. Návirgin eru erfiðari enda allir hafsentar héra yfir 190 cm. Deildin er líkamlegri, hraðinn meiri og meira um skyndisóknir. Ég er fenginn hingað sem vinnusamur framherji. Krafan er meiri en að skora bara og mér finnst hafa tekist vel til hjá mér í öllu hingað til. Ég kemst ekkert bara upp með að skora og vera ósýnilegur þess á milli.“

Alfred segir að leikstíll Augsburg henti honum vel og hann vissi um leið og honum var sýnt hvernig liðið spilar að þarna gætu góðir hlutir gerst.

„Þjálfarinn sýndi mér myndbönd þegar ég kom héra fyrst og þá sá ég strax að mér ætti eftir að ganga vel héra. Það er mjög gaman þegar við erum til dæmis með boltann á köntunum. Þá er ekkert dútl í gangi heldur boltanum bara flengt fyrir.

Svo erum við líka gott skyndisóknarlið þannig þetta hentar mér mjög vel,“ segir Alfred.

Byrjunarliðið á EM

Alfred er búinn að koma sér vel fyrir í þessari 280.000 manna borg í suður Þýskalandi. Lífið utan vallar verður alltaf auðveldara þegar vel gengur innan vallar.

„Það tók mig ekki langan tíma að koma mér fyrir. Ég er með íbúð nálægt miðbænum og er að komast inn í allt. Lífið er frekar auðvelt hvar sem maður býr þegar maður er framherji sem skorar,“ segir Alfred léttur.

Alfred verður vafalítið í EM-hópnum sem tilkynntur verður í byrjun máí. Tækifæri hans í byrjunarliðinu í síðustu undankeppni voru af skornum skammti en hann vonast til að frammistaðan í Þýskalandi skjóti honum í byrjunarliðið í St. Étienne 14. júní þar sem strákarnir okkar mæta Portugal.

„Það er auðvitað stefnan. Ég veit að allir eru að ræða þetta og allir hafa skoðanir á fótbolta en ég tók þann pól í hæðina að blanda mér ekkert í umræðuna. Ég læt bara verkin tala og ætla að mæta í toppstandi þegar landsliðið kemur saman og byrjar að æfa. Þá verð ég búinn með 15-16 leiki í Bundesligunni og vonandi búinn að skora meira. Ég ætla bara að koma mér í þannig stöðu að það verði ekki annað hægt en að hafa mig í byrjunarliðinu,“ segir Alfred Finnbogason. **tomas@365.is**



Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Norwich	0-3	Sunderland
Everton	1-1	Southampton
Man. Utd.	1-0	Aston Villa
Newcastle	3-0	Swansea
WBA	0-1	Watford
Chelsea	0-3	Man. City
Bournemouth	1-2	Liverpool
Leicester	2-2	West Ham
Arsenal	1-1	Crystal Palace

Efst		Neðst	
Leicester	73	C. Palace	38
Tottenham	65	Norwich	31
Man. City	60	Sunderland	30
Arsenal	60	Newcastle	28
Man. Utd.	56	Aston Villa	16

Dominos-kvenna, úrslitarímna

Haukar - Snæfell 65-64
Haukar: Pálina María Gunnlaugsdóttir 22/11 fráköst/6 stoðsendingar, Helena Sverrisdóttir 17/16 fráköst/5 stoðsendingar, Dýrfinna Arnardóttir 9, Sýlvía Rún Hálfðanardóttir 9/6 fráköst, María Lind Sigurðardóttir 4, Shanna Dacanay 4, Auður Íris Ólafsdóttir 0/5 fráköst.
Snæfell: Haideen Denise Palmer 20/18 fráköst/6 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 14/6 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 11/4 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 10/10 fráköst, María Björnsdóttir 6/8 fráköst, Sara Dilja Sigurðardóttir 3/3 varin skot

Haukar eru 1-0 yfir í einvigninu.

Ólis-deild karla, 8-liða úrslit

Akureyri - Haukar 25-21
Markahæstir: Kristján Orri Jóhannsson 9, Bergvin Þór Gíslason 4, Brynjar Hólm Grétarsson 4 - Tjörvi Þorgeirsson 7, Adam Baumruk 4, Hákon Daði Styrmisson 4.
 Staðan í einvigninu er 1-1.

Fram - Valur 26-25
Markahæstir: Þorgrímur Smári Ólafsson 8, Garðar B. Sigurjónsson 5/2, Stefán Darri Þórsson 5 - Sveinn Aron Sveinsson 6/1, Geir Guðmundsson 5, Daniel Ingason 3.
 Staðan í einvigninu er 1-1.

Gróttu- íBV 23-29
Markahæstir: Guðni Ingvarsson 4, Júlíus Þórir Stefánsson 4, Daði Laxdal Gautason 4, Finnur Ingi Stefánsson 4 - Theodor Sigurbjörnsson 8, Einar Sverrisson 5.
 íBV vann einvigið, 2-0.

FH - Afturelding 24-26
Markahæstir: Einar Rafn Eiddsson 6/1, Benedikt Reynir Kristinsson 5, Ásbjörn Friðriksson 5 - Pétur Júníusson 6, Árni Bragi Eyjólfsson 6, Mikk Pinnonen 5.
 Afturelding vann einvigið, 2-0.

Ólis-deild kvenna, 8-liða úrslit

Selfoss - Gróttu 21-23
Markahæstar: Hrafnhildur Hanna Prastardóttir 7, Adina Maria Ghidoarca 6 - Lovisa Thompson 6, Þórey A. Ásgeirsdóttir 6.
 Gróttu vann einvigið, 2-0.

Valur - Stjarnan 25-17
Markahæstar: Aðalheiður Guðmundsdóttir 8, Morgan Marie McDonald 7 - Helena Rut Örvarsdóttir 7, Hanna G. Stefánsdóttir 4.
 Staðan í einvigninu er 1-1.

íBV - Fram 19-23
Markahæstar: Ester Óskarsdóttir 9, Díana Dögg Magnúsdóttir 7 - Ragnheiður Júlíusdóttir 10, Hulda Dagsdóttir 5.
 Staðan í einvigninu er 1-1.

Í dag

18.50 Stoke - Tottenham	Sport
18.50 Valur - Víkingur	Sport2
19.00 Snæfell - Haukar	Sport3
21.00 Messan	Sport 2

18.00 Fram - íBV	Framhúsið
19.00 Valur - Víkingur	Valsvöllur
19.15 Snæfell - Haukar	Hölmurinn
19.30 Stjarnan - Valur	TM-höllin

SAFNBÚÐIR HAFA SÉRSTÖÐU

Þjóðminjasafnð kynnis Safnbúð Þjóðminjasafnsins býður úrval fallegrar gjafavöru og minjagripa, eigin hönnun og framleiðslu í bland við sérvalda íslenska hönnun og handverk.

„Safnbúðir leitast við að endurspeglar safnkostinn og þær sýningar sem settar eru upp í viðkomandi safni og það reynum við að gera hér í þessari búð. Á Þjóðminjasafninu eru mjög fallegir munir og því afar skemmtilegt viðfangsefni,“ segir Vala Ólafsdóttir, verslunarstjóri Safnbúðar Þjóðminjasafnsins.

Þjóðminjasafnið framleiðir sínar eigin vörur í samvinnu við íslenska hönnuði sem njóta mikilla vinsælda.

„Við erum afar stolt af okkar vörum. Hér innan safnsins starfar hugmyndahópur sem hittist reglulega og fer yfir hvaða sýningar eru fram undan og af hvers konar munum þær samstanda. Við framleiðum yfirleitt eitthvað meðfram stærri sýningum sem standa í nokkra mánuði og einnig ýmiss konar vörur í tengslum við grunnsýningu safnsins. Vinsælustu vörurnar út frá grunnsýningunni tengjast Þórslíkneskinu, en það er einn af lykilmunum safnsins. Við seljum mikið af stytum, póstkortum, seglum og fleiru sem tengist Þór. Nú er einnig yfirstandandi sýningin „Hvað er svona merkilegt við það“, í tilefni hundrað ára afmælis kosningaréttar kvenna á

Íslandi. Samhliða henni var til dæmis gefin út bók og framleiddir nokkrir munir sem fengið hafa góðar viðtökur,“ úrskýrir Vala.

Sem dæmi um íslenska hönnuði sem Þjóðminjasafnið hefur verið í samstarfi við eru Snæfríð Þorsteins og Unnur Valdís Kristjánsdóttir. Þá býður Safnbúðin einnig almennar vörur eftir íslenska og erlenda hönnuði sem valdar eru sérstaklega inn í verslunina.

„Við erum til dæmis með vörur frá Heklu, Sveinbjörgu, Ingibjörgu Hönnu og Bility svo eitthvað sé nefnt og þá njóta víkingasverð og bogar fyrir krakka mikilla vinsælda en það eru vörur framleiddar af litlu fjölskyldufyrirtæki í Þýskalandi. Við erum einnig með þrjónavörur og handverk eins og litla útskorna fugla. Yfirleitt eru þetta litlir listmunir á verðbilinu fimm til tíu þúsund og eru afar vinsæl gjafavara eða sem minjagripir.“

Vala segir viðskiptavinum Safnbúðarinnar ekki einskorðast við gesti safnsins. Við Safnbúðina versli ekki síður fólk í leit að tækifærisgjöfum eða fólk á leið til útlanda sem vill taka eitthvað íslenskt með sér til gjafa.



Valgerður Ólafsdóttir, verslunarstjóri Safnbúðar Þjóðminjasafnsins ásamt Önnu Einarsdóttur. Anna hefur séð um bókainnkaup fyrir safnbúðina og var lengi verslunarstjóri í Máli Menningu. MYNDIR/ERNIR


„Verslunin er staðsett á móti frábæru kaffihúsi hér á Þjóðminjasafninu og vinsælt að koma hér við, fá sér kaffi og

kíkja í búðina. Þá hefur Þjóðmenningarhúsið á Hverfisgötu sameinast Þjóðminjasafninu og heitir nú Safnahúsið og þar er


verið að byggja upp safnverslun. Vöruúrvalið þar tengist grunnsýningu Safnahússins, sem er sjónrænn arfur Íslendinga.“



Súkkulaði í fallegum umbúðum eftir hönnuðinn Snæfríði Þorsteins en Þjóðminjasafnið er í samstarfi við íslenska hönnuði.



Tálgaðir smáfuglar eru skemmtileg tækifærisgjöf.



Barnavörur njóta mikilla vinsælda. Sverðin og skildirnir eru framleiddir af litlu fjölskyldufyrirtæki í Þýskalandi.

TUDOR frístundarafgeymir + Exide hleðslutæki
= Rafmagnað frí... ár eftir ár

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

Mesta úrval landsins af rafgeymum fyrir húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi.
TUDOR

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA

www.weber.is

KVIKNAÐI ÚT FRÁ DRAUMI

Gamall kúrekadraumur Önnu Þórunnar vöruhönnuðar varð uppspretta nýrrar vörlínu sem hún sýndi á HönnunarMars. Nýjar vörur eru væntanlegar frá henni auk þess sem henni var boðin þátttaka í Architecture Biennale í Feneyjum.

Hugmyndin að nýrri línu Önnu Þórunnar vöruhönnuðar, Cowboy dream/Kúrekadraumum, sem hún sýndi á HönnunarMars í síðasta mánuði, kviknaði út frá gömlum draumi sem hún átti í æsku þegar hana langaði mikið til að verða kúreki. „Ég hreinlega varð að vinna út frá þessum draumi og útkoman varð borðlampi og spegill sem hægt er að nota á tvo vegu þar sem leðurreimarnar hanga niður úr speglinum eða hinum megin þar sem leðurreimarnar koma yfir hann miðjan. Einnig hannaði ég snaga eins og kaktus og púða sem ég vinn sjálf en engir tveir púðar eru eins.“

Nýju línu sína tileinkar hún föður sínum, Hauki Hervinssyni, sem hefði orðið áttæður í maí, hefði hann lifað. „Hann lést á 43. ára aldursári en Kúrekadraumur passar svo ótrúlega vel við karakter hans. Framleiðsla á línunni er í fullri vinnslu og mun líta dagsins ljós í lok maímánaðar.“

GETUR VERIÐ VIÐUTAN

Hún segir hönnun sína vera mjög persónulega. Hugmyndir fæðast að hennar sögn á ólíklegustu stöðum og getur kveikjan komið úr umhverfinu, hverdagsleikanum, frá einhverri tilfinningu eða minningu sem hún jafnvel gengur með í mag-

anum dögum, vikum og jafnvel mánuðum saman. Fyrir vikið segist hún stundum vera mjög viðutan. „Hægt og rólega smellur allt saman. Þótt mér lítist stundum ekki nógu vel á þessa nýfæddu hugmynd og langi til að gefa hana upp á bátinn þá lætur hún mig ekki friði fyrr en ég byrja að skissa og gera tilraunir með hin ýmsu efni.“

SPENNANDI TÍMAR

Það eru mörg spennandi verkefni fram undan hjá Önnu Þórunni. „Ég var að fá fyrstu erlendu framleiðslulínu mína í hendurnar en henni hef ég beðið eftir í tvö ár. Um er að ræða keramikskálina Feed Me sem hægt er að nota á tvo vegu. Hugmyndin að henni kemur úr sjónvarpsfrétt um hrafnspár sem gerði sér hreiður í miðbæ Reykjavíkur. Hugmyndin að skálinni varð til á því andartaki sem kvikmyndavélin sýndi ofan í hreiðrið með kolsvörtu ungunum með skínandi bleikan gogginn.“ Í lok júlí kemur kemur einnig í sölu fjölnota-bakkinn Sunrise sem hannaður var árið 2013. „Hann er með þrjú mismunandi stór geometrísk hólfráttunir frá því hvernig hver og einn upplifir og sér út hluti, eins og t.d í náttúrunni.“

Einnig fékk hún mjög spennandi boð um þátttöku í Architecture Biennale í Feneyjum en í ár verður lögð meiri áhersla á



Hugmyndir Önnu Þórunnar fæðast á ólíklegustu stöðum og getur kveikjan komið úr umhverfinu, hverdagsleikanum, frá einhverri tilfinningu eða minningu. MYNDIR/KRISTINN MAGNÚSSON

hönnun. „Holland sér um sýninguna í ár en þar mæta 40 lönd til leiks. Sýningin stendur yfir frá lok maí fram til loka nóvember. Því miður er kostnaðurinn mikill og er ég að vinna í því að fjármagna þátttöku mína. Svo er ný heimasíða með vefverslun á leiðinni í loftið sem er orðið svo löngu tímabært þannig að ég lít framtíðina björtum augum.“

Nánari upplýsingar um vörur Önnu Þórunnar má finna á www.annathorunn.is.



COWBOY DREAM collection handskreyttir púðar.

nettoline

HÁGÆÐA ÞVOTTAHÚSINNRETTINGAR

FATASKÁPAR & RENNIHURÐIR

STYRKUR · ENDING · GÆÐI

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM

Opið:
Mán. til föstudaga kl. 09 til 18
Laugardaga kl. 11 til 15

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang. Fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

COWBOY DREAM collection snagar.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Vegna mjög mikillar sölu vantar okkur 2ja – 4ra herbergja íbúðir í pósnúmerum 101, 104, 105, 107, 108, 200, 201 og 210. Skoðum og verðmetum samdægurs

Miðleiti. 4ra herbergja endaíbúð.



Vel skipulögð 114,4 fm. endaíbúð með gluggum í 3 áttir á 2. hæð í fjölbýlishúsi fyrir eldri borgara.

Samliggjandi stofur. Tvö herbergi. Stórar svalir til vesturs eru yfirbyggðar að stórum hluta.

Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu og aðgengi er að sameiginlegum leikfimisal á 5. hæð.

Húsvörður.

Verð 54,5 millj.

Grandavegur 47 – 3ja herbergja íbúð.



Mjög góð 86,6 fm. útsýnisíbúð á 2. hæð auk 7,5 fm. yfirbyggðra svala og 7,7 fm. sérgeymslu í kjallara.

Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu. Samliggjandi stofur með útsýni til sjávar. Tvö herbergi.

Eignin var endurnýjuð að stórum hluta að innan af arkitekt fyrir um 10 árum síðan Húsvörður er í húsinu.

Á efstu hæð hússins er sameiginlegur matsalur.

Verð 44,9 millj.

Goðasalir – Kópavogi. Parhús.



Vel skipulagt 214,3 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 31,5 fm. bílskúr á útsýnisstað við Goðasali.

Stórar svalir til suðurs og vesturs útaf stofum og stór, skjólsæl og afgirt verönd á baklód hússins. Mikil lofthæð er á efri hæð hússins. Stórar og bjartar stofur. Sjónvarpsstofa. Fjögur herbergi.

Lóðin er viðhaldslítill með hellulagðri innkeyrslu og stétt og afgirtir verönd.

Stutt í skóla og leikskóla.

Verð 67,7 millj.

Rituhólar – frábær útsýnisstaður



Vel skipulagt um 450 fm. einbýlishús með auka 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á neðri hæð hússins.

Húsið stendur á frábærum útsýnisstað við Elliðaárdalinn.

Þrjár samliggjandi stofur með mikilli lofthæð. Fallegur arinn er í arinstofu. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stórt fjölskyldurými.

Auðvelt er að sameina aukaíbúðina húsinu ef vill. Tvöfaldur bílskúr.

Lóðin er 850,0 fm að stærð með steypum bomanite veröndum.

Ekrumári – Kópavogi



Virkelega fallegt og vel staðsett 6 herbergja 289,6 fm. einbýlishús á frábærum útsýnisstað að meðtöldum 31,0 fm. innbyggðum bílskúr. Mjög mikil lofthæð er á allri efri hæð hússins. Húsið stendur innst í götu við opið svæði og mikils útsýnis nýtur úr stofum og eldhúsi á efri hæð að Esju, Snæfellsjökli, Álftanesi, Gróttu og víðar. Mikil lofthæð í stofum. Opið stórt eldhús.

Staðsetning eignarinnar er afar góð innst í botngötu við opið svæði og stutt er í skóla, leikskóla, íþróttasvæði og alla aðra þjónustu.

Verð 78,9 millj.

Lindarflöt - Garðabæ.



Vel staðsett 197,0 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 57,0 fm. bílskúr við Lindarflöt í Garðabæ.

Húsið er í nokkuð góðu ástandi, en þarfnast þó einhvern endurnýjunar. Rúmgóðar samliggjandi stofur með útgengi á viðarverönd til suðurs. Fjögur herbergi.

Góð staðsetning þaðan sem stutt er í skóla og íþróttasvæði.

Verð 59,9 millj.

Sumarhús í Skorradal.



Vandaður og vel byggður 59,9 fm. sumarbústaður ásamt 18,7 fm. gestahúsi með gufubaði á gróinni og vel staðsettri 4.225,0 fm. eignarlóð sem vaxin er bæði birki, sigrænum gróðri og háum grenitrjám.

Stórkostlegt útsýni er yfir Skorradalvatn. Sumarbústaðurinn er byggður árið 1995, en gestahúsið byggt árið 2000. Verönd er við bústaðinn á þrjá vegu og malarborin afmörkuð bílastæði eru við framlóð hússins.

Eignaskipti koma til greina á íbúð á Stór Reykjavíkursvæðinu.

Verð 36,7 millj.

Lúxus sumarhús í Grímsnesi – Vaðnes - Snæfoksstaðir.



Heilsárs bjálkahús - einstök eign.

- Fimm herbergi.
- Gestahús og heitur pottur á verönd.
- Lóðin er 1,15 ha. að stærð.
- Mikill gróður og gott skjól.
- Útsýnis nýtur að Ingólfsfjalli.
- Frábær staðsetning.
- Stutt í marga golfvelli.
- Aðeins um 45 mín. akstur frá Reykjavík.

Verð 39,9 millj.

VINDAKÓR 10 – 12, KÓPAVOGI.

NÝJAR 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

- Glæsilegt fjölbýlishús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi.
- Íbúðirnar sem eru 4ra herbergja eru frá 115,2 fm upp í 120,0 fm.
- Íbúðirnar eru innréttaðar með HTH innréttingum og vönduðum AEG eldhústækjum og eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum.
- Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.
- Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.
- Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

5 ÍBÚÐIR EFTIR



SÓLEYJARIMI 13 - NÝBYGGING

GLÆSILEGAR 3JA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

Vel skipulagðar og afar vandaðar um 143 fm. 3ja herbergja íbúðir í vandaðri nýbyggingu á góðum og grónum stað í Grafarvogi. Um er að ræða tveggja hæða nýbyggingu þar sem allar íbúðir eru með sérinnngangi. Sér bílastæði fylgir hverri íbúð auk sérgæmslu í kjallara hússins. Hitalagnir eru í stéttum fyrir framan húsið.

- Allar innréttingar í íbúðinni eru sérsníðaðar af RH innréttingum sem og innihurðir, hvít sprautulakkaðar í yfirhæð.
- Stofurnar eru stórar, samliggjandi og með útgengi á svalir eða verönd.
- Tvö baðherbergi eru í íbúðinni.
- Íbúðunum er skilað fullbúnum að innan, án gólfefna, en votrymi skilast þó flísalögð.

Um er að ræða mjög vandaðar íbúðir með sérinnngangi í vönduðu litlu fjölbýlishúsi á grónum og góðum stað þaðan sem stutt er í alla þjónustu, s.s. verslanir, skóla, heilsugæslu og golfvöll.

Byggingaraðili: SBJ eignir ehf.

OPÍÐ HÚS
Í DAG

GARÐATORG 7



Garðatorg 7 - 4ra herb. endaíbúð með suðursvölum.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 135,6 fm. endaíbúð á 2. hæð með sérinnngangi af svölum og gluggum í þrjár áttir auk sérgæmslu við Garðatorg. Sér bílastæði í upphitaðri bílagæmslu fylgir íbúðinni. Stórar og bjartar stofur með útgengi á suðursvalir og útsýni að Reykjanesi. Fallegur útbyggður gluggi til vesturs í stofum, 2 svefnherbergi, baðherbergi, vandað eldhús, þvottaherbergi/búr með glugga. Suðursvalir með útsýni að Reykjanesi. Eignin er laus til afhendingar nú þegar. Virkilega falleg eign á góðum stað í miðbæ Garðabæjar þaðan sem mjög stutt er í alla þjónustu. Verið velkomin.

Verð 49,9 millj.

OPÍÐ HÚS
Í DAG

HRAUNBRAUT 17



Hraunbraut 17 - Kópavogi.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel viðhaldið 159,7 fm. einlyft einbýlishús að meðtöldum 40,4 fm. bílskúr í vesturbæ Kópavogs. Rúmgóðar og bjartar stofur með stórum suðurgluggum og útgengi á verönd til suðurs. Þrjú herbergi, möguleiki á því fjórða. Fallegur skjólgóður garður með hellulagðri verönd til suðurs, grasflöt og góðum skjólvegjum. Möguleiki að breyta bílskúr í stóra íbúð. Glæsilegt útsýni til norðurs yfir Óskjuhlöina að Esjunni og víðar. Húsið er afar vel staðsett nálægt skóla, leikskóla, sundlaug, allri verslun og þjónustu. Verið velkomin.

Verð 54,9 millj.

4RA HERBERGJA



OPÍÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG

ÁLFHEIMAR 50. ENDAÍBÚÐ.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Mikið endurnýjuð 109,5 fm. endaíbúð að meðtöldri 10,9 fm. geymslu á þessum vinsæla stað í Álfheimunum. Búð er að endurnýja eldhús, baðherbergi, innihurðar og gólfefni. Tvö herbergi auk sjónvarpsherbergis sem var áður barnaherbergi og auðvelt að breyta til fyrra horfs. Svalir til suðurs út af stofu. 36,9 millj.

36,9 millj.

3JA HERBERGJA



OPÍÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG

KAPLASKJÓLSVEGUR 37.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 18.15 – 18.45

Góð 89,6 fm. íbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi við Kaplaskjólsvæg. Nýlegt gler og gluggar eru í íbúðinni. Samliggjandi stofur með rennihurð á milli. Tvö herbergi. Svalir til suðurs. Lóð var endurnýjuð árið 2015. Verið velkomin.

33,9 millj.

2JA HERBERGJA



OPÍÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG

MÁNATÚN 6. ÍBÚÐ Á JARÐHÆÐ.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög góð 62,2 fm. íbúð á jarðhæð með sér verönd til suðurs í álklaeddu fjölbýlishúsi við Mánatún. Opíð eldhús með eikarinnréttingu. Stofa með útgengi á sér verönd til suðurs. Húsið að utan og sameign eru í góðu ásigkomulagi. Verið velkomin.

29,9 millj.

5 HERBERGJA



SÖRLASKJÓL. NEDRI SÉRHÆÐ.

Mjög góð 90,7 fm. neðri sérhæð í tvíbýlishúsi auk rýmis í kjallara. Samliggjandi skiptanlegar stofur. Þrjú herbergi. Kjallari hússins, sem er ekki með fullri lofthæð, er í sameign beggja íbúða hússins, en þar eru geymslur og þvottaherbergi. Gluggar eru á kjallara. Lóðin er með tveimur sameiginlegum veröndum, skjólsælum. Bílastæði eru við húsið. 44,9 millj.

44,9 millj.

3JA HERBERGJA



OPÍÐ HÚS
MIÐVIKUDAG


ÚTHLÍÐ 12. SÉRINNGANGUR.

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Björt 99,2 fm. íbúð á jarðhæð að meðtöldum tveimur sér geymslum í Hlíðunum. Húsið var allt steinað upp á nýtt að utan árið 2014. Þá var einnig skipt um hluta af gluggum og nánast allt gler í íbúðinni. Fallegur bogadreginn gluggi í stofu. Sérinnngangur er í íbúðina. Verið velkomin

36,4 millj.

2JA HERBERGJA



OPÍÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG

KÁRASTÍGUR 13.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

38 fm. kjallaraíbúð auk 2,4 fm. geymslu í virðulegu timburhúsi við Kárástíg. Stofa með gluggum til vesturs. Eldhúskókur. Svefnherbergi með gluggum til austurs. Viðhaldsframkvæmdir eru í gangi við húsið, þar sem m.a. er verið að skipta um járn á húsinu. Verið velkomin.

22,5 millj.

6 HERBERGJA




HVASSALEITI. AUKAÍBÚÐ OG BÍLSKÚR.

Falleg 154,7 fm. efri sérhæð að meðtöldum tveimur sér geymslum og sér þvottaherbergi auk 54,0 fm. bílskúrs á tveimur hæðum þar sem neðri hæð hefur verið innréttuð sem stúdíóíbúð og er með sérinnngangi af baklóð hússins. Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð, m.a. baðherbergi, gestasnyrting og eldhús. Stór stofa með gluggum til vesturs og suðurs og útgengi á skjólsælar svalir. 64,9 millj.

64,9 millj.

3JA HERBERGJA



NORÐURBRÚ - SJÁLANDI GARÐABÆ.

Vel skipulögð 94,5 fm. íbúð á 3. hæð í Sjálandinu í Garðabæ. Sérstæði í lokaðri bílagæmslu fylgir íbúðinni. Fallegar eikarinnréttingar í eldhúsi og á baðherbergi. Stofa með hornglugga og útgengi á svalir til austurs. Frábær staðsetning þar sem leik- og grunnskóli er í göngufæri.

39,9 millj.

2JA HERBERGJA



GÝÐUFELL. ÍBÚÐ Á 3. HÆÐ.

63,5 fm. íbúð á 3. hæð við Gyðufell. Íbúðin er vel skipulögð og björt. Útgengt er á tæplega 5 fm. suðursvalir með svalalokun sem eru ekki í skráðri fm. tölu. Möguleiki væri að stúka af lítið svefnherbergi á kostnað stofu. Eldhús opíð að hluta inn í stofu. Sérmerkt bílastæði fylgir íbúð á lóð.

22,0 millj.



Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lögráðgjafi, lögg. fasteignasali | Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali | Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali | Geir Sigurðsson, viðskiptafræðingur, lögg. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali | Magna S. Sverrisdóttir, MBA, lögg. fasteignasali | Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali | Reynir Björnsson, hagfræðingur, lögg. fasteignasali | Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali | Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fasts. | Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl., löggiltur fasteignasali | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri | Elin Þorleifsdóttir, ritari | Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari | Anna M. Sigurðardóttir, ritari

Sandakur 2 – Garðabæ.



Sérlega vel skipulagt og fallett 242,6 fm endaraðhús á skjólsælum stað á miðri Arnarneshæðinni. Húsið er glæsilegt ásýndum þar sem það er ýmist klætt áli eða harðviði. Húsið snýr í suð- suðvestur þannig að það nýtur sólar allan daginn. Húsið er nýtt þannig í dag: Á neðri hæð eru stofur, eldhús, badherbergi og innbyggður bílskúr. Á efri hæð eru hjónasvita með sér badherbergi og fataherbergi, þrjú herbergi og sjónvarpshol. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 19. apríl n.k. milli 17:30 og 18:00.**

HRINGBRAUT 41 107 RVK. ÍBÚÐ MERKT 04-02.



Snyrtileg og björt 94,1 fm 3-4ra herbergja endaíbúð á 4. hæð (efstu) í virðulegu fjölbýli við Hringbraut í Vesturbæ Reykjavíkur. Fallett útsýni, suðvestur svalir, stofa, tvö svefnherbergi og aukaherbergi í risi með aðgengi að snyrtingu - möguleiki á leigutekjum. **Verð 32,9 millj. Eignin verður sýnd þriðjudaginn 19. apríl milli kl. 17:00 og kl. 17:45 V. m. 9501**

Garðastræti 44, 101 Reykjavík.



Glæsileg efri sérhæð og ris ásamt bílskúr. Samtals 234,7 fm. Húsið er sérlega fallett fúnkishús sem var teiknað af Sigmundi Halldórssyni arkitekt fyrir bræðurna Sverri og Guido Bernhöft árið 1941. Húsið hefur nýlega verið múrviðgert og endursteinað og skipt um flesta glugga ásamt því að dren og skólplagnir hafa verið endurnýjaðar og lóð endurgerð með hitalögnum. Húsið fékk umhverfisverðlaun Reykjavíkurborgar fyrir endurbætur á eldra húsi árið 2011. Á hæðinni skiptist eignin í hol, eldhús, þrjár stofur, hjónaherbergi og bað. Í risi eru þrjú herbergi og badherbergi. Í kjallara eru geymslur og þvottahús. Hæð og ris ásamt sérgeymslum er 212,1 fm og bílskúrin er 22,6 fm. Frábær eign á rólegum stað í miðborginni. Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson fasteignasali.

SUÐURGATA 75 220 ÍBÚÐ MERKT 01-01.



Vel skipulögð og björt 84,6 fm 4ra herbergja íbúð í litlu fjölbýli við Suðurgötu í Hafnarfirði. Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum og tveimur stofum en möguleiki er að breyta annarri stofunni í svefnherbergi. Góð staðsetning. **Eignin verður sýnd mánudaginn 18. apríl milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 27,9 m. 9490**

Beykihlíð 1 - einbýlishús.



Fallett 240 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 32 fm bílskúr við Beykihlíð 1 í Reykjavík. Bílskúrin hefur verið innréttaður sem stúdíóíbúð sem auðvelt væri að breyta til baka. Hellulagt bílplan með hitalögn. Húsið getur verið laust við kaupsamning. **Verð 74,9 millj. Eignin verður sýnd þriðjudaginn 19. apríl n.k. milli 17:15 og 17:45.**

MÁNATÚN 13 105 RVK.



Glæsileg 3ja herbergja 111,2 fm útsýnisíbúð á 6. hæð í nýju og afar vönduðu lyftuhúsi við Mánatún 13 í Reykjavík. Fallettar sérsníðaðar eikarinnréttingar, lokaðar svalir. Eitt stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. Brynjar Þór sölufulltrúi (896-1168) sýnir þér íbúðina þegar þér hentar. **V. 54,7 m. 3837**

GRUNÐARSTÍGUR 7 101 RVK.



Fallett 208,6 fm sérbýli á tveimur hæðum og kjallara ásamt sérstæðum 41,2 fm bílskúr/vinnustofu í Þingholtunum. Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Góð lofthæð á hæðunum. Samtals 249,8 fm. Húsið stendur á 419 fm eignarlóð. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 20. apríl milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 77,5 m. 9326**

HJALLALAND 40 108 RVK.



Mikið endurnýjað 201,9 fm endaraðhús sem stendur innst inni í botnlanga, ásamt 19,5 fm bílskúr. Samtals 221,4 fm. Austanmegin við húsið er opið svæði þar sem er m.a. leikvöllur, fótboltavöllur og sleðabrekka. Húsið er á þöllum og hefur nýlega verið standsett að tölverðu leyti. Garður er hannaður af Stanislas Bohic

KRISTNIBRAUT 9 113 RVK.



Neðri sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Hæðinni fylgja síðan "tvær ósamþykktar" íbúðir annarsvegar 2ja herbergja íbúð og hinsvegar stúdíóíbúð. Samtals stærð eignarinnar er 240,2 fm með bílskúr sem er 25,8 fm. **V. 58 m. 9503**

STIGAHLÍÐ 26 105 RVK. ÍBÚÐ MERKT 01-02.



Vel staðsett 83,0 fm íbúð á 1. hæð. Íbúðin skiptist í lítila forstofu, borðstofuhol, stofu, eldhús, tvö herbergi og badherbergi. Skjólgóðar suðvestur-svalir við borðstofuhol. **Eignin verður sýnd mánudaginn 18. apríl milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 31,2 m. 9534**



RAUDAGERÐI 52 108 RVK. ÍBÚÐ MERKT 00-01.



OPÍÐ HÚS

Snyrtileg og vel staðsett 2-3ja herbergja ca 61 fm íbúð í kj. í litlu fjölbýli. Sér inngangur, björt stofa, tvö svefnherbergi og nýlega endurnýjað baðherbergi. Frábær staðsetning miðsvæðis í Rvk. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 19.apríl milli kl. 18:00 og kl. 18:30. V. 26,5 m. 9473**

FRAMNESVEGUR 13 101 ÍBÚÐ MERKT 02-01.



OPÍÐ HÚS

Mjög vel skipulögð 74,5 fermetra efri hæð í góðu þríbýlishúsi í Vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin hefur verið tekin í gegn á smekklegan hátt en núverandi eigandi er arkitekt. Góð lofthæð er í íbúðinni allri. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 19.apríl milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 33,4 m. 9415**

DÚFNAHÓLAR - M. BÍLSKÚR LAUS STRAX



2ja herbergja góð 62,8 fm íbúð með fallegu útsýni, lokuðum svölum og 26,1 fm bílskúr samtals 88,9 fm. íbúðin er í góðu ástandi. **V. 25 m. 9452**

HULDUHLÍÐ 9 270 ÍBÚÐ MERKT 02-02.



OPÍÐ HÚS

Góð 65,8 fm 2ja herbergja íbúð á annarri hæð með sér inngangi. Þetta er falleg og björt íbúð á vinsælum stað í Mosfellsbæ. Stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð. **Eignin verður sýnd mánudaginn 18.apríl milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 27,5 m. 9465**

SKÚLAGATA 20 101 RVK.



Falleg og vel um gengin 92,1 fm 2-3ja herbergja íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi við Skúlagötu í Reykjavík. Glæsilegt útsýni til sjávar og fjalla. Íbúðina má aðeins selja félagsmönnum í Félagi eldri borgara, og sem eru eldri en 60 ára. **V. 37,9 m. 9176**

KAMBASEL 54 ÍBÚÐ 01 01



OPÍÐ HÚS

Falleg og talsvert endurnýjuð 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í fallegu einstaklega vel staðsettu litlu fjölbýli rétt við grunn og leikskóla og aðra góða þjónustu. Íbúðin er teiknuð sem 3ja en hefur á smekklegan hátt verið breytt í 4ra herbergja. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Sérinngangur. Sérgarður. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Verð 32,9 millj. Eignin verður til sýnis mánudaginn 18. apríl n.k. milli 17:00 og 17:30.**

HELGUBRAUT 2 KÓPAVOGI



OPÍÐ HÚS

Fallegt og mjög vel staðsett einbýlishús að mestu á einni hæð samtals 164,8 fm að stærð með bílskúr sem er 27,2 fm sem er nýttur sem aukaíbúð og hluti af húsinu er nýttur með þeirri íbúð, einfalt að breyta til baka. Mjög góðar innréttingar og gólfefni. Hús sem hefur hlotið mjög gott viðhald í gegn um tíðina. Sólskáli upphitaður og einstaklega góður garður. Stór timburskúr upphitaður á lóðinni fylgir. **Verð 59,9 millj. Eignin verður til sýnis þriðjudaginn 19. apríl n.k. milli 17:15 og 18:00.**

EINARSNES PARHÚS



Fallegt einstaklega vel staðsett parhús í Skerjafirði. Húsið er á 2.hæðum samtals 106,9 fm og hefur verið talsvert yfirfarið og hlotið gott viðhald. Timburverönd til suðurs úr stofu. 3 svefnherb. á efri hæð, eldhús og stofa á neðri hæð. **Verð 42,5 millj.**

LJÓSHEIMAR 20 ÍBÚÐ 06 02



Snyrtileg og vel um gengin 50 fm 2ja herbergja íbúð á 6. hæð í lyftuhúsi við Ljósheima í Reykjavík. Vestur svalir og fallegt útsýni. Laus við kaupsamning. **Verð 24,9 millj. Eignin verður til sýnis miðvikudaginn 20. apríl n.k. milli 17:15 og 17:45.**

BURKNAVELLIR 17B HAFNARFIRÐI



3ja herbergja 86,9 fm íbúð á jarðhæð, með sérinngangi. Mjög góð staðsetning. Sérverönd. Laus 1.júní.

MIKIÐ AF ATVINNU- OG SKRIFSTOFU-
HÚSNÆÐI Á SÖLUSKRÁ
LEITIÐ UPPLÝSINGA
Á SKRIFSTOFU EIGNAMIDLUNAR

Nýtt
í sölu

Nýjar vandaðar íbúðir við
Hrólfsskálamel 1-5 á Seltjarnarnesi



- 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir.
- Stærð frá 73 fm upp í 212 fm.
- Bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðunum.
- Glæsilegt útsýni m.a. sjávar- og fjallasýn.
- Frábær staðsetning.
- Örstutt í þjónustu m.a. í verslanir, heilsurækt og sundlaug.

Reynir Björnsson
Lögg. fasteignasali
sími 895 8321
reynir@eignamidlun.is



Magnea S. Sverrisdóttir
fasteignasali
s: 861 8511
magnea@eignamidlun.is





Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
Gústaf A. Björnsson
lögg. fast.
Kristín Pétursdóttir
lögg. fast.
Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalöggf.

Víðimelur 76, kjallari

OPIÐ HÚS MÁNUD. 18.4 KL. 17-17:30



Ca. 57 fm. falleg íbúð í kjallara við Víðimelur 76. Íbúðin var endurnýjuð 2006. Parket á gólfum. Endurnýjuð eldhúsinnrétting. Baðherbergi með sturtuklefa. **Verð 22,5 millj.**

Opið hús mánudag 18.4 frá kl. 17-17:30.

Verið velkomin.

Vatnsendahlíð 135, Skorradal

OPIÐ HÚS FIMMTUDAG 21.4 FRÁ KL. 14-17



Vatnsendahlíð 135, Skorradal: Ca. 82 fm. glæsilegt nýtt heilsársús á góðum stað við Skorradalsvatn. Frábært útsýni yfir vatnið. 3 svefnherbergi, 20 ára lóðarleigusamningur.

Opið hús á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 21.4 frá kl. 14-17.

Byggangaraðili, Jóhann sýnir s. 899-3119. Verið velkomin.

Lokastígur 9

4RA HERBERGJA, 101 REYKJAVÍK



Mjög góð 105,2 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í fallegu 3-býli á besta stað í 101 Reykjavík. Frábær staðsetning.

Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Séríngangur.

Verð 44,9 millj.

Bókið skoðun.

Bragagata 31

3JA HERBERGJA, 101 REYKJAVÍK



Mjög góð og mikið uppgerð 64,3 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli.

Sameiginlegur inngangur með íbúð á jarðhæð. Góðar geymslur.

Sameiginlegt þvottahús.

Verð 31,9 millj.

Bókið skoðun.

Haukdælbraut

EINBÝLI Í REYNISVATNSÁSI VIÐ GRAFARHOLTI



Ca. 210 fm. nýtt og vandað hús á frábærum stað í Reynisvatnsá við Grafarholt.

Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi. Flísar á gólfum. Innbyggður bílskúr. Hús og lóð eru fullfrágengin og staðsetning hússins einstök. Bókið skoðun.

Verð 87 millj.

Urriðakvísl

EINBÝLI



Urriðakvísl: Glæsilegt 265,8 fm einbýli á tveimur hæðum. Góð aðkoma og gott innra skipulag. Parket og flísar á gólfum. Stórar stofur. Húsið er einstaklega vandað og vel viðhaldið. Húsið stendur á mjög góðum stað innst í götu. Lóðin er í fallegri rækt og hefur verið vel gengið um bæði hús og lóð. Bókið skoðun.

Verð 76,9 millj.

Einbýli

FOSSVOGSHÆÐ



Ca. 357 fm. glæsilegt einbýli við Austurgerði sem er lokuð einbýlishúsagata.

Húsið hefur allt verið endurnýjað í klassískum stíl og er allur frágangur vandaður.

Séríngangur á jarðhæð fyrir séríbúðir.

Verð 94,8 millj.

Möðruvellir

KJÓS - SUMARHÚS.



Möðruvellir, sveitasetur á stóru eignarlandi í Kjósinni. Rúmgott hús, sem skiptist í 3 svefnherbergi, svefnloft, baðherbergi, stóra stofu og opið eldhús á fallegum stað með útsýni yfir Laxá, nálægt Meðalfellsvatni í Kjós. Húsið stendur á ca. 3,4 ha. eignarlandi sem býður upp á mikla möguleika. Vandað, vel viðhaldið hús á góðum stað, nálægt borginni.

Háteigsvegur

HÆÐ OG RIS TIL LEIGU



Ca 196 fm. falleg sérhæð og ris í einstaklega fallegu húsi við Háteigsveg. Á hæðinni eru þrjár stofur, eldhús, baðherbergi og svefnherbergi með útgengi á svalir. Á efri hæðinni eru 4 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og rúmgóðar geymslur.

Leiguverð kr. 370 þúsund.

Hafið samband við Rakel Viðarsdóttur í síma 552-1400 varðandi skoðun.

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401



Við styrkjum

Hluti af öllum sölulánum sem greidd eru til Foldar-fasteignasölu fer til styrktar ABC hjálparstarfi.

Holtsvegur 37-39, 210 Garðabæ

OPIÐ HÚS mánudaginn 18. apríl kl. 17.00-18.00




Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

Stærðir:
70,3 m²-
140,6 m²

Herbergi:
2ja-4ra

Verð:
29,9-89,9
mill. kr



Allar upplýsingar veitir
Berglind Hólm fasteignasali í síma **694 4000**

► 15 ÍBÚÐIR SELDAR AF 31 Á AÐEINS 14 DÖGUM

Ný fjölbýlishús á fallegum útsýnisstað í Urriðaholti í Garðabæ. Um er að ræða vandaðar íbúðir í lyftuhúsi ásamt ýmist stæði í lokaðri eða opinni bílageymslu. Á efstu hæð eru penthouse-íbúðir. Áætlaður afhendingartími er síðsumars 2016

Innréttingar og frágangur:

- Hvítur Quartz steinn á borði í eldhúsi
- Innréttingar frá AXIS, hvítar og eik
- Flísar frá Álfaborgum 60X60 cm
- Lyftuhús
- Bílageymsla



Dæmi um íbúð:

Herbergi: 4
Stærð: 114,9 m²
Stæði í bílskylki

Verð: 44.900.000



Sigurður Fasteignasali 898 6106 Hafdís Sölustjóri 820 2222 Árni Ólafur Fasteignasali 893 4416 Dórothea Fasteignasali 898 3326 Þorsteinn Fasteignasali 694 4700 Jóhanna Kristín Fasteignasali 698 7695 Bjarni Sölufulltrúi 895 9120 Berglind Fasteignasali 694 4000 Óskar Sölufulltrúi 893 2499 Þóra Fasteignasali 822 2225 Þorgeir Sölufulltrúi 696 6580 Sigríður Fasteignasali 699 4610 Garðar Sölufulltrúi 899 8811 Halla Fasteignasali 659 4044

Breiðvangur 12 220 Hafnarfröi **32.900.000**

OPIÐ HÚS mánudaginn 18. apríl kl. 17:30-18:00
Herbergi: 5-6 Stærð: 118,2 m²

Fasteignasalan TORG kynnir: LAUS VIÐ KAUPSAMNING. Mjög rúmgóð og björt 5-6 herbergja mikið endurnýjuð endaiðbúð. Þetta er mjög góð fjölskylduíbúð með möguleika á 4 svefnherbergjum, tveimur stofum og tvennum svölum, stutt er í skóla, leikskóla og aðra þjónustu. **LAUS VIÐ KAUPSAMNING.**
Upplýsingar veitir Garðar sölufulltrúi í gsm: 899 8811

Vallakór 2d 203 Kópavogi **44.900.000**

OPIÐ HÚS mánudaginn 18. apríl kl. 18:30-19:00
Herbergi: 3 Stærð: 136,7 m²

LAUS VIÐ KAUPSAMNING!! Fasteignasalan TORG kynnir: Fallega og rúmgóða 3ja herbergja íbúð með tveimur stórum svölum. Íbúðin er á 2. hæð, með eigninni fylgir stæði í bílageymslu. Íbúðin er samtals 136,7 fm. Ekki hefur verið búið í eigninni en hún er fullbúin með gólfefnum. Innréttingar eru frá Brúnás.
Upplýsingar veitir Garðar sölufulltrúi í gsm: 899 8811

Lundur 17-23 200 Kópavogi **NYTT**

BÓKID SKOÐUN Í GSM. 699-4610
Herbergi: 2-6 Stærð: 98,2 - 238,1 m²

Við hönnun íbúðanna var haft að leiðarljósi að hafa þær bjartar og rúmgóðar. Hiti er í gólfum og vandaðar innréttingar frá Brúnás. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðunum. Íbúðirnar skilast án gólfna en á baðherbergjum og þvottahúsi eru flisar á gólf. Húsin eru álklaett og því viðhaldslétt. Flestar íbúðirnar hafa gott útsýni á þessum veðursæla stað. Einstök staðsetning á Stór-höfuðborgarsvæðinu þar sem stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu s.s Smáralindina, Kirngluna, Salinn og Gerðasafn.

Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610

Grandahvarf 3 203 Kópavogi **48.900.000**

Herbergi: 4 Stærð: 130,9 m²

Fasteignasalan TORG kynnir: Mjög rúmgóð og björt 4 herbergja endaiðbúð með sérinnangi og verönd. Eignin er öll hin vandaðasta.
Upplýsingar veitir Garðar sölufulltrúi í gsm: 899 8811

Grandavegur 45 107 Reykjavík **32.900.000**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 19. apríl kl 17.30-18.00
Herbergi: 2 Stærð: 73,5 m²

Björt, falleg og einstaklega rúmgóð 2ja herbergja íbúð í góðu fjölbýlishúsi með útsýni út á sjó og yfir á Esjuna. Baðherbergi er nýlega endurnýjað með baðkari og sturtuáðstöðu. Þvottaherbergi er innan íbúðar og sér geymsla er í sameign. Ljóst viðarparkert er á gólf.
Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000

Litlikriki 2A 270 Mosfellsbær **40.600.000**

OPIÐ HÚS þriðjudag 19. apríl kl. 17.30-18.00
Herbergi: 3 Stærð: 136,5 m²

Mjög falleg endaiðbúð á efstu hæð ásamt bílskúr í góðu lyftuhúsi með stórkostlegu útsýni á þessum eftirsóttu stað í Mosfellsbæ. Um er að ræða 3ja herb íbúð sem er skráð 107,0 fm og bílskúr sem er skráður 29,5 fm samtals er eignin því 136,5fm. Stórar stofur, rúmgóðar svalir, mikil lofthæð, frábært útsýni og þvottaherbergi er innan íbúðar. Örstutt út í fallega náttúru.

Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222

Kríunes 11 210 Garðabær **94.500.000**

HRINGIÐ OG BÓKID SKOÐUN S. 820-2222
Herbergi: 8 Stærð: 314,8 m²

Glæsilegt, reisulegt og frábærlega staðsett einbýlishús á tveimur hæðum, með tvennum svölum og innbyggðum tvöföldum bílskúr innst í botnlanga á Arnarnesinu. Frábært útsýni er frá húsinu, m.a út á sjó, örstutt er út á stofnbrautir og búið er að endurnýja þakjárn. Á neðri hæð hússins er möguleiki á að vera með aukaíbúð fyrir fjölskyldumeðlimi. Garðurinn er gróinn, skjólríkur og fallegur með heitum potti.

Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222

Langalína 28-32 210 Garðabær **SJÁVAR-ÚTSÝNI**

BÓKID SKOÐUN Í GSM. 699-4610
Herbergi: 2-4 Stærð: 108-189 m²

Glæsilegar 2ja - 4ra herbergja íbúðir sem skilast með fallegum innréttingum frá Brúnás, AEG eldhústækum, flisar á baði eða þvottahúsi en að öðru leyti skilast þær án gólfna. Um er að ræða 3ja hæða álklaett lyftuhús við Löngulínu. Íbúðirnar verða ýmist með tvennum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

Flétturimi 31 112 Reykjavík **24.900.000**

OPIÐ HÚS mánudaginn 18. apríl kl. 17:30-18:00
Herbergi: 2 inng. tveggja íbúða Stærð: 67,3 m²

2ja herb. íbúð á jarðhæð með sameiginlegum innangi tveggja íbúða. Hellulögd verönd út frá stofu og afmarkaður sérafnotareitur af lóð. Eignin er með eldhús opið við stofu, bjart rými. Sameiginlegt þvottahús með sértengi. Sérgeymsla í sameign ásamt hjóla- og vagnageymslu.
Upplýsingar veitir Dórothea fasteignasali í gsm: 898 3326

Stuðlaberg 112 220 Hafnarfröi **49.900.000**

OPIÐ HÚS mánudaginn 18. apríl kl. 17:30-18:00
Stærð: 168,2 m²

Fallegt og vel viðhaldið 168,2 fm parhús þar af 18,0 fm bílskúr, ca 46 fm efra loft er ekki inni í fm fjölda. Hér er einstaklega vel skipulagt fjölskylduhús með 3 svefnherbergjum en góðir möguleikar eru á að fjölga herbergjum, tvö baðherbergi, vandaðar innréttingar og gólfefni, útgangur í gróinn garð út frá stofu og góð hellulögd verönd er framan við húsið. **Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

Austurkór 103 203 Kópavogi **59.900.000**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 19. apríl kl. 17:30 - 18:00
Herbergi: 6 Stærð: 244,5 m²

Gott fjölskyldu-parhús á tveimur hæðum með bílskúr. Í húsinu eru 4 svefnherbergi og hægt að bæta við einu til viðbótar. Á jarðhæð eru 2 svefnherb., sjónvarpshol, gestasalerni, þvottaherb. og geymsla. Góður steyptur stigi upp á aðra hæð. Á efri hæð er hjónaherb., eitt barnaherb., eldhús með borðkrók og aðalrými með borðstofu og stofu, útgengt á svalir. Mikið útsýni er úr húsinu. Húsið er fullklárað að utan en það á eftir að klára hluta af innviðum hússins. Heimkeyrsla er grótfjönuð.

Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm: 898 6106



GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

BORGARTÚNI 30, 105 REYKJAVÍK - STAKFELL@STAKFELL.IS - WWW.STAKFELL.IS



ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali



ADALHEIÐUR KARLSDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
gsm 893 2495



STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumítlari



GUÐMUNDUR H. VALTÝSSON
Löggiltur fasteignasali,
Viðskiptafræðingur B.Sc.



BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON
Lögfræðingur,
aðstoðamaður fasteignasala
gsm 660 4777



EINAR S. VALDIMARSSON
Löggiltur fasteignasali
gsm 840 0314



EDWIN ÁRNASON
Löggiltur fasteignasali
gsm 893 2121



SIGURDUR FREYR SIGURBSSON
Hdl. og löggiltur fasteignasali
gsm. 899-1229



SKARPHÉÐINN EIRÍKSSON
Aðstoðamaður fasteignasala
gsm 699 0101



HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR
Lögfræðingur B.A.,
aðstoðamaður fasteignasala
gsm 820 4242



MATTHILDUR SUNNA ÞORLAKSDÓTTIR
Aðstoðamaður fasteignasala
gsm 690 4966



BERGÞÓRA SIGURBARDÓTTIR
Skrifstofustjóri

SKÓGARVEGUR 12-14 - 108 RVK

35,3M



